

Ársskýrsla

Fangelsismálastofnunar ríkisins

1998

September 1999

Formáli	5
I. FJÁRHAGUR OG STARFSMENN	7
I.1. REKSTRARKOSTNAÐUR EINSTAKRA LIÐA	8
Yfirstjórn	8
Fangelsin og Fangavarðaskólinn	8
Laun starfsfólks	9
Launa- og dagpeningagreiðslur til fanga	10
Fæðiskostnaður í fangelsum	11
Aðkeypt þjónusta	12
Viðhald og rekstur húsnæðis fangelsa	13
Sértekjur fangelsa	13
Samantekt	14
1.2. STARFSMENN	15
II. FANGELSIN OG STARFSEMI ÞEIRRA, FANGAVARÐASKÓLINN	15
II. 1. FANGELSIN	15
Almennt	15
Helstu sjónarmið sem ráða því hvar afplánunarfangi er vistaður	17
Sjálfsvíg í Fangelsinu Litla-Hrauni	19
II. 2. FANGAVARÐASKÓLI RÍKISINS	21
II. 3. LEYFI ÚR REFSIVIST	22
II. 4. ÁFENGIS- OG FÍKNIEFNAMÉÐFERÐ Í REFSIVIST	22
II. 5. STROK OG STROKILRAUNIR ÚR REFSIVIST	23
III. FULLNUSTA REFSIDÓMA	24
III. 1. AFPLÁNUN REFSIVISTAR HJÁ FÉLAGASAMTÖKUNUM VERND	24
III. 2. SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA	24
III. 3. TÖLULEGT YFIRLIT UM DÓMA OG ÞRÓUN DÓMAFULLNUSTU	28
Tafla 1.1 TEGUNDIR REFSINGA SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU ÁRIN 1994–1998	34
Tafla 1.2 TEGUNDIR REFSINGA SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU, ÞAR SEM DÓMÞOLAR ERU 15 – 17 ÁRA VIÐ UPP- KVAÐNINGU DÓMA, VIÐURLAGAÁKVARÐANA OG ÁRITAÐRA SEKTARBOÐA ÁRIN 1994 – 1998	35
Tafla 2.1 SKIPTING DÓMÞOLA, SEM DÆMDIR Hafa VERIÐ Í ÓSKILORÐS- BUNDNA REFSIVIST, Í LOK HVERS ÁRS ÁRIN 1994 –1998	36
Tafla 2.2 FJÖLDI FANGA SEM AFPLÁNAR VARAREFSINGU FÉSEKTA OG SÆTIR GÆSLUVARÐHALDI Í LOK ÁRANNA 1996 – 1998	36

Tafla	3a.	ALDURSSKIPTING FANGA SEM LUKU AFPLÁNUN EÐA VORU Í AFPLÁNUN UM ÁRAMÓT ÁRIN 1994 – 1998	36
Tafla	3b.	ALDURSSKIPTING ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1995 – 1998	37
Tafla	4a.	TILEFNI FANGAVISTAR ÁRIN 1994 –1998	37
Tafla	4b.	AFBROT ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1995 – 1998	37
Tafla	5	FJÖLDI ÓSKILORÐSBUNDINNA FANGELSIS- OG VARÐHALDSREFSINGA, SEM BARST TIL FULLNUSTU MIÐAÐ VIÐ LENGÐ REFSITÍMA ÁRIN 1994 – 1998	38
Tafla	6a.	FJÖLDI DÓMÞOLA SEM HÓF SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1995 – 1998	38
Tafla	6b.	KYNJASKIPTING DÓMÞOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1995 – 1998	38
Tafla	7	FANGAR SEM LUKU AFPLÁNUN ÁRIN 1994 – 1998	39
	a)	Ástæða losunar	39
	b)	Fyrsta afplánun eða afplánað áður	39
	c)	Lengd afplánunar	39
	d)	Skipting eftir kynjum	39
Tafla	8	DAGAFJÖLDI VEGNA AFPLÁNUNAR ÁRIN 1994 – 1998 ÁSAMT DAGAFJÖLDA VEGNA GÆSLUVARÐHALDS OG VARAREFSINGA. NÝTING ÁRIN 1996 –1998	40
	a)	Fjöldi afplánunardaga	40
	b)	Fjöldi gæsluvarðhaldsdaga	40
	c)	Fjöldi daga í vararefsingu fésekta	41
	d)	Meðaltalsfjöldi allra fanga á dag	41
	e)	Nýting	41
Tafla	9	NIÐURFALLIN REFSIVIST ÁRIN 1994 – 1998	42
Tafla	10	VEITING REYNSLULAUSNA ÁRIN 1994 – 1998	42
Tafla	11	SKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1995 – 1998 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM	43
Tafla	12	SEKTARDÓMAR ÁRIN 1995 – 1998 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM	43
III. 4. FÉSEKTIR OG SAKARKOSTNAÐUR SAMKVÆMT DÓMUM- VIÐURLAGAÁKVARÐANIR - ÁRITUÐ SEKTARBOÐ			44
	A.	Fésektir samkvæmt dómum	44
	B.	Sakarkostnaður samkvæmt dómum	44
	C.	Viðurlagaákvarðanir	44
	D.	Árituð sektarboð	45

IV. ÁKÆRUFRESTANIR

Tafla	13	AFBROT	49
Tafla	14	NÁM OG STARF	49
Tafla	15	ALDUR	49

Tafla 16	BÚSETA	50
Tafla 17	MENNTUN	50
Tafla 18	HJÚSKAPARSTAÐA FORELDRA	50
V. SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA		51
VI. RANNSÓKNIR		52
ÍTREKANIR UNGLINGA SEM FÁ SKILORÐSBUNDNA ÁKÆRUFRESTUN		52
Dr. Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur		52
Inngangur		52
Aðferð		54
Niðurstöður		55
Umræða		56
Heimildir		59

Formáli

Á haustdögum 1998 bauðst mér að taka við starfi fangelsismálastjóra um eins árs skeið. Ég viðurkenni að mín fyrstu viðbrögð voru neikvæð. Við nánari athugun varð mér ljóst að ég vissi lítið um starfssvið embættisins sem er þó oft í raun eins konar afleiðing af starfi dómara en því starfi hef ég gegnt lengi. Ég ákvað því að slá til og nýta þetta tækifæri.

Starfið hefur komið á óvart og niðurstaða mín er sú, að ekki var vanþörf á að koma ofan úr turni dómarans niður á torgið og skoða þær miklu breytingar sem orðið hafa á undanförunum árum á fullnustu refsídóma og aðbúnaði fanga. Það er á allra vitorði að löngu var orðið tímabært að breyta fangelsisferfinu hér á landi. Á síðustu árum hefur það verið gert með myndarlegum hætti. Þar á ég ekki eingöngu við bætta aðbúnað í fangelsum heldur ekki síður þátt fangelsisyrvalda í uppbyggilegri og mannúðlegri meðferð fanga og nútímalegri stjórnunaraðferðum en tíðkuðust fyrir á árum.

Þegar þetta er ritað er nýbyggingu við Fangelsið Litla-Hraun formlega lokið. Hins vegar hefur ekkert verið ákveðið um byggingu nýs fangelsis í Reykjavík sem fyrirhugað er að visti gæsluvarðhaldsfanga af Reykjavíkursvæðinu auk þess að leysa af hólmi Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Ljóst er hins vegar að ákvörðun um byggingu þessa fangelsis verður ekki frestað öllu lengur. Í skýrslu Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT-nefndin) til ríkisstjórnar Íslands vegna heimsóknar nefndarinnar hingað til lands vorið 1998 er vikið að byggingu þessa fangelsis. Ljóst er að nefndin gerir ákveðnar kröfur í þeim efnum og mun fylgjast náið með þróun málsins.

Samkvæmt lögum um fangelsi og fangavist skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fangelsi segja til um. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sér um og ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum. Skipulag heilbrigðisþjónustu við fanga fylgir sömu grundvallarsjónarmiðum og önnur heilbrigðisþjónusta hér á landi. Þetta virðist ganga eftir í flestum tilvikum. Þó er sláandi sá skortur sem er á aðstöðu til skammtíma sjúkrahúsvistunar fyrir fanga, sem eru með alvarlega geðræna sjúkdóma og fanga, sem taldir eru í sjálfsvígshættu. Andstaða hefur verið hjá einstaka geðdeildum sjúkrahúsa landsins gegn því að vista þar fanga. Meginkrafan hlýtur hins vegar að vera sú að fangi, sem þarf á geðlæknisþjónustu að halda, eigi kost á sambærilegri þjónustu og aðrir sjúklingar. Fanginn á því ekki að vistast á lokaðri geðdeild, frekar en aðrir sjúklingar, nema þess sé þörf vegna ástands hans eða að mati fangelsisyrvalda. Þetta er sama sjónarmið og gengið er út frá þegar fangar eru sendir á sjúkrahús vegna annarra veikinda og eru þar meðhöndlaðir eins og aðrir sjúklingar.

Lög um fangelsi og fangavist eru að meginstofni til frá árinu 1988 þrátt fyrir að gerðar hafi verið á þeim breytingar í gegnum tíðina. Ef til vill er orðið tímabært að huga að nýjum lögum á þessi sviði og taka þar mið af þeirri þróun sem orðið hefur varðandi meðferð fanga á síðustu árum. Einnig má spyrja, hvort ekki ætti að ákveða með lögum ýmis atriði sem nú er kveðið á um í reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli núgildandi laga. Einnig má hugleiða hvort opna ætti leið til að skjóta tilteknum ákvörðunum, sem teknar eru um málefni fanga á vegum fangelsanna og Fangelsismálastofnunar, til dómstóla.

Það er vandasamt verk að umgangast frelsissvipta menn og aðstoða við þau margvíslegu vandamál sem þeir eiga við að glíma. Fangaverðir þurfa að fást við slíkt daglega. Því er brýnt að stuðla að aukinni menntun fangavarda þannig að þeir séu sem best í stakk búnir til að sinna því verki sem fangavarsla í nútíma þjóðfélagi er. Fangelsismála-

stofnun hefur nú samið drög að nýrri reglugerð um skilyrði þess að vera ráðinn fanga-
vörður og um menntun fangavarda. Er þess vænst að reglugerð þessi verði staðfest þannig
að hefjast megi handa við þessi verkefni.

Rekstur Fangelsismálastofnunar og fangelsanna gekk vel á árinu og vísast nánar til greinar
í ársskýrslunni þar um. Bent skal á að þriðja árið í röð hefur refsiföngum fækkað og
engin vísbending er í bili um að þeim fjölgi á ný. Að jafnaði voru því u.þ.b. 20 afplánunar-
rými laus á árinu 1998. Þetta hefur gefið aukið svigrúm til hagræðingar í rekstri fangels-
anna auk þess sem ætla má að það stuðli að betri líðan fanga að fangelsi landsins séu
ekki yfirfull. Mikil áhersla er lögð á að vinnufærir fangar hafi aðgang að vinnu við hæfi
og hefur sá þáttur gengið vel á árinu.

Búseta í réttarríki telst meðal eftirsóknarverðustu lífsgæða hveðrar þjóðar. Þær fjöl-
mörgu lagabreytingar, sem gerðar hafa verið á síðustu árum á sviði dómsmála, hafa leitt
til gjörbyltingar á rannsókn mála, hraða málsmeðferðar hjá dómstólum og skilvirkni refs-
fullnustunnar. Sá árangur sem náðst hefur stuðlar vissulega að því að við teljumst búa í
slíku ríki.

Valtýr Sigurðsson

I. FJÁRHAGUR OG STAREFSMENN

Framlag í fjárlögum ársins 1998 til reksturs Fangelsismálastofnunar og fangelsa svo og til annarra útgjalda vegna fullnustu dóma hljóðaði upp á 418,5 m.kr. samanborið við 385,9 m.kr. á árinu 1997 eða hækkun upp á 32,6 m.kr. Taflan hér fyrir neðan sýnir mismun milli fjárlaga árána 1997 og 1998 (í m.kr.):

	<u>1997</u>	<u>1998</u>	<u>Breyting</u>
Heildargjöld:	434,2	472,8	38,6
Sértekjur:	-48,3	-54,3	-6,0
Framlag:	385,9	418,5	-32,6

Ástæður þessarar hækkunar framlags í fjárlögum, aðrar en vegna kjarasamninga- og verðlagshækkana, eru annars vegar 17,0 m.kr. framlag vegna hækkunar greiðslna lífeyris-iðgjalda hjá A-hluta stofnunum og hins vegar 5,5 m.kr. framlag til Fangelsismálastofnunar frá samfélagsþjónustunefnd en samkvæmt lögum um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 123/1997, sér Fangelsismálastofnun um samfélagsþjónustu og var samfélagsþjónustunefnd lögð niður. Á móti auknu framlagi vegna framangreindra þátta kemur 13,0 m.kr. lækkun rekstrarframlags til stofnunarinnar vegna yfirtöku heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á heilbrigðisþjónstu við fanga, í samræmi við samkomulag milli Fangelsismálastofnunar ríkisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis frá því í desember 1997.

Þegar tekið hafði verið tillit til rekstrarafgangs ársins 1997 svo og 8,0 m.kr. framlags á fjárukalögum vegna aðlögunarsamnings við fangaverði, sem nánar verður vikið að síðar, urðu endanlegar fjárheimildir Fangelsismálastofnunar á árinu 1998, 431.200 þús.kr. en greiðslustaða í árslok var 418.784 þús.kr. eða 12.416 þús.kr. innan heimilda. Til samanburðar var endanleg fjárheimild stofnunarinnar á árinu 1997 392.590 þús.kr. en greiðslustaða í árslok 387.859 þús.kr. eða 4.731 þús.kr. innan heimilda. Eftirfarandi tafla sýnir mismun fjárlaga og fjárheimilda svo og greiðslustöðu í árslok vegna árána 1997 og 1998 (í þús.kr.):

	<u>1997</u>	<u>1998</u>
Framlag í fjárlögum:	385.900	418.500
Fjárheimildir:	392.590	431.200
Greiðslustaða í árslok:	387.859	418.784
Mismunur fjárheimilda og greiðslustöðu	4.731	12.416

Eins og sjá má skilaði fangelsiskerfið rúmlega 12,4 m.kr. afgangi á árinu 1998. Ein helsta ástæða þess var aukning sértekna við Fangelsið Litla-Hrauni en sértekjur þar jukust um rúmar 16 m.kr. milli árána 1997 og 1998, einkum vegna aukinnar framleiðslu á bíl-númeraplötum. Föngum fækkaði einnig frá því sem var á árinu 1997 og hafði það eðlilega

áhrif til lækkunar á útgjöldum. Á móti slíkum áhrifaþáttum kemur að Fangavarðaskóli ríkisins var í fullum rekstri á árinu 1998 og voru haldin tvö þriggja mánaða námskeið, að vori og hausti, auk annarra styttri námskeiða. Ekki var gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu á fjárlögum vegna starfsemi Fangavarðaskólans. Ennfremur hækkuðu laun starfsfólks í fangelsiskerfinu talsvert í kjölfar aðlögunarsamninga sem gerðir voru á árinu 1998. Aðallega var um að ræða hækkun launa hjá fangavörðum og reyndist launaútgjaldaaukning vegna fangavarda um 18 m.kr. Þar af stóð Fangelsismálastofnun straum af 10 m.kr. en 8 m.kr. framlag fékkst á fjáraukalögum. Verður nánar vikið að aðlögunarsamningunum í umfjöllun um launaútgjöld stofnunarinnar.

I.1. REKSTRARKOSTNAÐUR EINSTAKRA LIÐA

Eins og áður sagði var greiðslustaða Fangelsismálastofnunar ríkisins árið 1998 418.784 þús.kr. á móti greiðslustöðu að upphæð 387.859 þús.kr. árið 1997. Greiðslustaða einstakra liða innan fangelsiskerfisins var sem hér segir (í þús.kr.):

Stofnun:	1997	1998	Breyting
Fangelsismálastofnun, yfirstjórn	40.904	51.083	10.179
Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu	97.674	97.135	-539
Fangelsið Litla-Hrauni	190.236	200.272	10.036
Fangelsið Kvíabryggju	28.316	32.511	4.195
Fangelsið Akureyri	14.965	17.942	2.977
Ýmis fangamál	5.864	6.348	484
Fangavarðaskóli ríkisins	6.082	6.596	514
Viðhald	3.818	6.838	3.020
Stofnkostnaður	0	59	59
Samtals:	387.859	418.784	30.925

Yfirstjórn

Greiðslustaða yfirstjórnar versnaði milli ára um rúmar 10 m.kr. Skýringin felst meðal annars í auknum launaútgjöldum bæði vegna fjölgunar starfsmanna sem og aðlögunarsamningum við kjarafélög starfsmanna. Þess má til gamans geta að í gildi eru sex aðlögunarsamningar innan yfirstjórnar Fangelsismálastofnunar vegna alls tólf starfsmanna. Sýnir það hversu breiðum starfsmannahópi stofnunin býr yfir.

Breyting greiðslustöðu hjá yfirstjórn skýrist einnig með auknum útgjöldum vegna endurnýjunar á tölvubúnaði stofnunarinnar svo og vinnu við forritun vegna nettengingar fangelsa við stofnunina. Er sú vinna vel á veg komin og er stefnt að því að öll fangelsi verði tengd stofnuninni í lok árs 1999.

Fangelsin og Fangavarðaskólinn

Sem fyrr gekk rekstur fangelsa mjög vel á árinu 1998. Fækkun afplánunarfanga milli árana 1997 og 1998 var nokkur en þó ekki jafn mikil og milli árana 1996 og 1997. Eins og kom fram í ársskýrslu fyrir árið 1997 hefur hlutur samfélagsþjónustunnar farið

vaxandi í fullnustu dóma og hefur það eðlilega áhrif á fjölda fanga í afplánun. Á árinu 1998 varð mikil aukning á fjölda þeirra sem afplánuðu dóma sína með samfélagsþjónustu.

Á árinu 1998 gerði Fangelsismálastofnun alls sex aðlögunarsamninga vegna starfsfólks fangelsiskerfisins. Þar á meðal var gerður aðlögunarsamningur við Starfsmannafélag ríkisstofnana vegna fangavarða í fangelsum ríkisins sem hafði í för með sér að meðaltali um 23-25% launahækkun. Tekur samningurinn gildi í áföngum frá 1. apríl 1998 til 1. apríl 2000.

Greiðslustaða fangelsa á höfuðborgarsvæðinu batnaði um hálf milljón króna milli ára 1997 og 1998. Talsverð aukning varð í launaútgjöldum vegna aðlögunarsamnings við fangaverði en á móti kom að sértekjur jukust nokkuð, sérstaklega vegna aukins vinnuframboðs við Fangelsið Kópavogsbraut 17.

Greiðslustaða Fangelsisins Litla-Hrauni versnaði um rúmar 10 m.kr. milli ára 1997 og 1998. Helstu skýringar aukinna útgjalda eru vegna hækkunar launa fangavarða vegna aðlögunarsamnings og afleysinga vegna þeirra fangavarða frá Litla-Hrauni er sóttu Fangavarðaskólann á árinu. Einnig mynduðust talsverð útgjöld vegna tölvukaupa og vinnu við tölvumál. Á móti kemur aukning á sértekjum fangelsisins um 16 m.kr.

Greiðslustaða Fangelsisins Kvíabryggju versnaði um rúmar 4 m.kr. milli ára 1997 og 1998. Launaútgjöld í fangelsinu jukust ekki verulega þrátt fyrir aðlögunarsamninginn. Ástæða þess er sú að í samræmi við samning um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma milli fjármálaráðherra, Reykjavíkurborgar og Launaneftdar sveitarfélaga annars vegar og Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands hins vegar, var gerð talsverð breyting á vinnufyrirkomulagi í fangelsinu sem varð til þess að aukavinna minnkaði mjög mikið en starfsmönnum fjölgaði um þrjá. Sértekjur fangelsisins drógust saman á árinu 1998 en að öðru leyti voru aðrir liðir í rekstrinum tiltölulega óbreyttir. Það skal tekið fram, eins og í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir árið 1997, að í umfjöllun um þau fangelsi er aflu sértekna, er ekki gerð sérstök grein fyrir útgjöldum vegna framleiðslunnar.

Greiðslustaða Fangelsisins Akureyri versnaði um tæpar 3 m.kr. milli ára. Eins og í öðrum fangelsum voru það aukin launaútgjöld sem þógu þyngst.


Fangavarðaskóli ríkisins var starfræktur með formlegum hætti á árinu 1998 eins og á árinu 1997 og voru haldin tvö framhaldsnámskeið, að vori og hausti, auk ýmissa annarra sérstakra námskeiða, svo sem nýliðanámskeiðs og öryggisnámskeiðs. Rekstur Fangavarðaskólans var þannig tiltölulega óbreyttur milli ára, hins vegar kallar rekstur hans á talsverð launaútgjöld fyrir fangelsin vegna afleysinga fyrir þá fangaverði sem sækja skólann.

Helstu útgjaldaliðir fangelsiskerfisins eru laun fangavarða og annars starfsfólks, launa- og dagpeningagreiðslur til fanga, fæðiskostnaður fanga, aðkeypt þjónusta auk viðhalds og reksturs húsnæðis. Á móti heildarútgjöldum koma svo sértekjur fangelsanna.

Laun starfsfólks

Eftirfarandi tafla og súlurit sýna launaútgjöld yfirstjórnar og fangelsa árin 1997 og 1998 vegna starfsfólks (í þús.kr.):

	Yfirstjórn	Hb.svæði	Litla-Hraun	Kvíabr.	Akureyri
1997	29.296	65.901	147.272	19.193	8.662
1998	37.386	70.876	163.110	21.359	11.854




Launaútgjöld starfsfólks jukust um rúmar 34 m.kr. milli áranna 1997 og 1998. Þar af eru 18 m.kr. vegna hækkunar launa fangavarða eftir gildistöku aðlögunarsamnings sem tók gildi þann 1. apríl 1998 en á árinu 1998 hækkuðu laun fangavarða að meðaltali um 8% vegna samningsins fyrir utan kjarasamningshækkanir. Hjá yfirstjórn varð um það bil 8 m.kr. launaútgjaldaaukning milli ára sem einna helst skýrist með kjarasamnings- og aðlögunarsamningshækkunum svo og fjölgun starfsmanna á skrifstofu yfirstjórnar um þrjá. Launaútgjaldaaukning vegna Fangavarðaskólans varð svo um 8 m.kr.

Launa- og dagpeningagreiðslur til fanga

Eftirfarandi tafla og súlurit sýna launa- og dagpeningagreiðslur til fanga 1997 og 1998 (í þús.kr.):

		Hb.svæði	Litla-Hraun	Kvíabr.	Akureyri
Dagpeningar	1997:	1.863	4.005	601	442
Dagpeningar	1998:	1.163	3.178	598	353
Fangalaun	1997:	1.521	10.801	5.622	269
Fangalaun	1998:	2.883	12.409	4.488	777



Samkvæmt reglugerð um dagpeninga fanga, nr. 132/1995, voru dagpeningagreiðslur til þeirra afplánunarfanga sem ekki áttu kost á vinnu eða voru óvinnufærir samkvæmt vottorði, kr. 300 á dag alla daga vikunnar. Jafnframt var þeim afplánunarföngum sem voru í vinnu greiddar kr. 300 á dag um helgar og á hátíðisdögum. Vinnulaun fanga voru ýmist 175, 200, 225 eða 250 kr. á tímann eftir eðli vinnunnar og arðsemi, svo og launum á almennum vinnumarkaði. Til að hvetja fanga til náms fengu þeir greidd laun, 175 kr. á klst., fyrir að stunda nám í fangelsi.

Þann 1. september 1998 tók gildi ný reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga, nr. 409/1998. Við gildistöku hennar hækkuðu dagpeningar úr 300 kr. á dag í 460 kr. á dag en í staðinn eru ekki greiddir dagpeningar um helgar eða á hátíðisdögum. Jafnframt hækkaði tímakaup þannig að það er nú ýmist 220, 250, 275 eða 290 krónur á tímann. Hæsta tímakaupið er greitt þeim föngum er sinna flokksstjórn. Jafnframt var með reglugerð nr. 683/1998 um breyting á reglugerð um gæsluvarðhaldsvist nr. 179/1992 með síðari breytingum, farið að greiða gæsluvarðhaldsföngum dagpeninga á virkum dögum ef þeir eiga ekki kost á vinnu innan fangelsisins eða eru óvinnufærir samkvæmt læknisvottorði. Sama er að segja um þá fanga sem afplána vararefsingu fésekta.


Aðalmarkmið með vinnu fanga er að kenna þeim almenn vinnubrögð og nýta afplánunartímann til endurhæfingar. Jafnframt er það stefnan að launatekjur komi í stað dagpeninga í auknum mæli. Á árinu 1998 jókst vinnuframboð í fangelsum samanborið við fyrra ár, einkum í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu.

Almennt lækkuðu dagpeningagreiðslur til fanga á árinu 1998 í sambengi við að launagreiðslur hækkuðu enda var um að ræða aukið vinnuframboð og er það ánægjuleg þróun. Að vísu lækkuðu launagreiðslur á Kvíabryggju en mestur hluti vinnunnar þar er greiddur samkvæmt ákvæðis kaupi. Vinnuframboð þar var einnig nokkuð minna en árið áður.

Fæðiskostnaður í fangelsum

Eftirfarandi tafla og súlurit sýna fæðiskostnað í fangelsum 1997 og 1998 (í þús.kr.)

	Hb.svæði	Litla-Hraun	Kvíabr.	Akureyri
1997:	10.885	32.597	5.098	2.520
1998:	12.648	30.463	5.764	3.724




Fæðiskostnaður lækkaði í Fangelsinu Litla-Hrauni en hækkaði í öðrum fangelsum. Ástæða þess er sú að mest fækkun fanga varð á Litla-Hrauni en í öðrum fangelsum varð nýtingin nokkuð svipuð milli ára. Fangelsinu Akureyri var ekki lokað yfir sumarleyfis-tímann á árinu 1998 eins og gert var árið áður og því hækkuðu útgjöld vegna fanga eins og fæðiskostnaður þar sem nýting fangelsisins var meiri.

Aðkeypt þjónusta

Eftirfarandi tafla og súlurit sýna útgjöld vegna aðkeyptrar þjónustu hjá fangelsunum 1997 og 1998 (í þús.kr.)

	Hb.svæði	Litla-Hraun	Kvíabr	Akureyri
1997:	9.087	9.623	602	976
1998:	5.229	6.523	544	339



Í aðkeyptri þjónustu felast útgjaldaliðir eins og sérfræðiþjónusta, þ.e. þjónusta lækna, tannlækna, geðlækna og annarra sérfræðinga. Undir aðkeypta þjónustu teljast einnig liðir eins og símaþjónusta, pósthjónusta og öll tölvu- og kerfisfræðiþjónusta.

Eins og sést á myndinni er aðkeypt þjónusta mun hærri í fangelsum á höfuðborgarsvæði og á Litla-Hrauni heldur en á Kvíabryggju og Akureyri. Skýringin er sú að um er að ræða stærri fangelsi og jafnframt fangelsi þar sem vistaðir eru þeir fangar sem í langflestum tilfellum þurfa á meiri sérfræðiþjónustu að halda en fangar á Kvíabryggju og Akureyri, einkum lækniþjónustu. Langflestir fangar sem koma til afplánunar mæta fyrst í Hegningarhúsið og gangast þar undir lækniþjónustu þannig að útgjöld vegna þessa eru edlilega hærri þar en í öðrum fangelsum.

Í árslok 1997 var, eins og áður hefur verið minnst á, gert samkomulag milli Fangelsismálastofnunar ríkisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis þess efnis að nú sé ráðuneytið um heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum ríkisins. Við gildistöku þessa samkomulags lækkuðu útgjöld fangelsa vegna þessarar þjónustu talsvert en framlag á fjárlögum lækkaði jafnframt um 13 m.kr.


Kaup á tölvu- og kerfisfræðiþjónustu hafa aukist nokkuð á undanförunum árum og jukust enn frekar eftir að hafist var handa við að tölvuvæða fangelsin. Enn hefur ekki verið ráðist í þessar aðgerðir á Kvíabryggju og Akureyri og því engin slík útgjöld í þeim

fangelsum. Eins og áður sagði er stefnan að ljúka við tölvuvæðingu fangelsa og nettingu þeirra við stofnunina á árinu 1999.

Viðhald og rekstur húsnæðis fangelsa

Eftirfarandi tafla og súlurit sýna útgjöld vegna viðhalds og rekstrar húsnæðis fangelsa 1997 og 1998 (í þús.kr.)

	Hb.svæði	Litla-Hraun	Kvíabr.	Akureyri
1997:	7.382	18.956	2.470	653
1998:	8.591	22.305	5.271	259




Í rekstri húsnæðis felast útgjöld vegna rafmagns, hita, fasteignagjalda, trygginga og annarra þátta er tilheyrja rekstri á húsnæði. Þar geta líka komið til almennir viðhaldsþættir svo sem eins og minniháttar málningarverk eða breytingar. Til viðhalds heyrja svo stærri viðhaldsverk og breytingar á húsnæði fangelsa.

Þar sem Fangelsið Litla-Hrauni er stærst fangelsanna eru þar mestu útgjöldin vegna rekstrar og viðhalds húsnæðis. Á árinu 1998 áttu mestar framkvæmdir sér stað í Fangelsinu Litla-Hrauni og á Kvíabryggju. Í öðrum fangelsum var ekki um að ræða meiriháttar viðhald eða breytingar á húsnæði en ýmis smærri viðhaldsverkefni voru unnin. Eins og áður hefur verið sagt frá er stór hluti viðhalds og breytinga á húsakosti fangelsanna unnin af föngum og þá sérstaklega á Litla-Hrauni og Kvíabryggju.

Sértekjur fangelsa

Eftirfarandi tafla og súlurit sýna sértekjur fangelsa 1997 og 1998 (í þús.kr.):

	Hb.svæði	Litla-Hraun	Kvíabr.	Akureyri
1997:	2.381	44.325	8.669	0
1998:	5.296	60.427	5.668	0



Eins og áður er vinnuframboð mest í Fangelsinu Litla-Hrauni og Kvíabryggju en þar fer fram ýmis konar framleiðslustarfsemi. Í fangelsunum á höfuðborgarsvæðinu samanstanda sértekjur af rekstri þvottahúss í Kópavogsfangelsi auk ýmissa smáverkefna fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu en slík verkefni jukust talsvert á árinu 1998. Í Fangelsinu Akureyri vinna fangar við þrif og þvotta eða tilfallandi létt viðhald innan fangelsisins.

Í fangelsunum á höfuðborgarsvæðinu jukust sértekjur um tæpar 3 m.kr. sem er einsdæmi í fangelsisrekstri á höfuðborgarsvæðinu. Þarna kemur til að mikið framboð var á árinu á ýmsum smáverkefnum, einkum í Kópavogsfangelsi, en starfsfólk fangelsisins hefur verið duglegt við að útvega vinnu handa föngum. Þetta er afar ánægjulegt þar sem með þessu hefur tekist að draga úr aðgerðarleysi fanga innan fangelsisveggjanna sem eðlilega hefur neikvæð áhrif á einstaklinga.

Sértekjur Fangelsisins Litla-Hrauni jukust enn á árinu 1998 og urðu rúmar 60 m.kr. samanborið við rúmar 44 m.kr. árið áður eða aukning um 16 m.kr. Sem fyrir sagði er skýringuna að finna í aukningu á framleiðslu á bílnúmeraplötum en mikill innflutningur var á nýjum bílum á árinu.

Í Fangelsinu Kvíabryggju lækkuðu sértekjur um 3 m.kr. en á árinu var nokkuð minna framboð af vinnu en verið hafði áður en vinnan þar er bundin tíðarfari og gæftum. Á hinn bóginn var sinnt ýmsum tilfallandi viðhaldsverkefnum innan fangelsisins. Enn skal tekið fram að í umfjöllun um sértekjur fangelsa er ekki gerð sérstök grein fyrir útgjöldum vegna aðfanga eða öðrum útgjöldum við öflun sértekna.

Samantekt

Þegar á heildina er litið gekk rekstur Fangelsismálastofnunar og fangelsa mjög vel á árinu 1998. Þrátt fyrir hækkun greiðslustöðu um 30,9 m.kr. skilaði fangelsiskerfið rúmlega 12,4 m.kr. rekstrarafgangi á árinu 1998. Þar gætir áhrifa aukinna sértekna og fækkunar fanga. Á árinu 1997 var farið vandlega yfir einstaka rekstrarliði í þeim tilgangi að endurskipuleggja ýmsa þætti starfseminnar og draga úr útgjöldum. Sú vinna heldur áfram að skila árangri. Fækkun fanga og auknar sértekjur gera stofnuninni kleift að halda starfsemi Fangavarðaskólans áfram en ekki er gert ráð fyrir sérstöku framlagi vegna starfsemi hans á fjárlögum. Það er því ljóst að ef forsendur breytast verður að endurskoða starfsemi Fangavarðaskólans.

1.2. STARFSMENN

Í árslok 1998 störfuðu á skrifstofu Fangelsismálastofnunar 12 starfsmenn í fullu starfi og einn í 75% starfi. Um áramót voru því á launaskrá á skrifstofu Fangelsismálastofnunar samtals 13 manns. Við fangelsin á höfuðborgarsvæðinu störfuðu í árslok 26 starfsmenn, 61 starfsmaður var á Litla-Hrauni, á Kvíabryggju störfuðu 8 starfsmenn og á Akureyri 4. Starfsmannafjöldi fangelsiskerfisins um áramót var því alls 112 manns.

II. FANGELSIN OG STARFSEMI ÞEIRRA, FANGAVARÐASKÓLINN

II. 1. FANGELSIN

Almennt

Mikið hefur verið fjallað fangelsin og starfsemi þeirra í fyrri ársskýrslum Fangelsismálastofnunar og verður það ekki endurtekið hér, en til þeirra vísað um frekari upplýsingar. Rétt þykir þó að gera í stuttu máli grein fyrir hverju fangelsi um sig.

Á árinu 1998 komu í Fangelsið Litla-Hrauni 99 fangar til afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma, 52 í gæsluvarðhald og 25 í vararefsingu fésekta, alls 162 fangar, en að meðaltali voru þar vistaðir 68,45 fangar á dag. Fækkaði föngum heldur frá fyrra ári. Rétt er að geta þess að við framangreinda talningu á innkomum í fangelsi getur sami fangi verið talinn oftari en einu sinni. Fari hann t.d. á sjúkrahús yfir nótt er hann talinn aftur við endurkomu í fangelsið.

Segja má að Litla-Hraun sé nú að flestu leyti orðin sú stofnun sem að var stefnt þegar framkvæmdir hófust þar á árinu 1993. Rými er fyrir 87 fanga og er þeim skipt niður í sjö 10-11 manna almennar deildir. Tvær einangrunardeildir, 4 og 6 manna, eru einkum notaðar fyrir þá gæsluvarðhaldsfanga sem sæta einangrun. Einnig eru þar vistaðir í ákveðinn tíma afplánunarfangar sem gerast sekir um alvarleg agabrot í fangelsinu. Fangelsissvæðið sjálft er nú afgirt og það vaktað með myndavélum og allur almennur öryggisbúnaður er fyrir hendi.

Á hverju ári er unnið að endurbótum á staðnum, bæði hvað varðar vinnuástöðu starfsfólks og fanga og eru þær að miklu leyti gerðar af föngum undir stjórn verkstjóra á Litla-Hrauni. Sama fyrirkomulag gildir í öðrum fangelsum þó allt sé þar minna í sniðum. Verulegir fjármunir sparast með þessum hætti.

Myndarlegur skóli er rekinn á staðnum og fangavinna verður að teljast fjölbreytileg miðað við aðstæður. Þá hafa flestir starfsmenn lokið fangavarðaskólanum og einnig fengið sérþjálfun á ýmsum sviðum svo sem að veita fyrstu hjálp, þjálfun í fíkniefnaleit og fræðslu um fíkniefni. Þá er sérstök þjálfun á sviði öryggismála og haldin hafa verið námskeið vegna sjálfsvígshættu. Þjálfuð sérsveit fangvarða er starfandi á Litla-Hrauni ef til óeirða eða upphöta kynni að koma, en slíkt er sem betur fer sjaldgæft hér á landi.

Eftir að nýtt íþróttahús var tekið í notkun á árinu 1997 er öll aðstaða til líkamsræktar til fyrirmyndar, bæði innan- og utanhúss.

Vinnutími fanga hefur heldur lengst og er nú um 6 klst. á dag. Tímakaup er frá kr. 220-275 og eru algeng vikulaun kr. 8-10.000. Veikum og óvinnufærum mönnum eru greiddir dagpeningar, kr. 2.300 á viku.

Af samantekt yfir beitingu agaviðurlaga kemur í ljós að á árinu voru samtals 56 fangar beittir slíkum agaviðurlögum í 132 skipti. Algengast er að agaviðurlögum sé beitt vegna fíkniefnaneyslu, eða í 54 skipti og var þar um 37 fanga að ræða. Í 34 skipti neituðu fangar að gefa þvagprufu. Af öðrum tilefnum agaviðurlaga má nefna ofbeldi gegn samfanga eða starfsmanni, skemmdarverk og óhlýðni. Agaviðurlög geta verið allt frá áminningu og til einangrunar í ákveðinn tíma. Algengustu agaviðurlög eru þó að menn eru sviptir vinnulaunum til hálfis og samskipti þeirra við aðstandendur takmörkuð.

Talsverð reynsla er komin á skólalald á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands í núverandi mynd á Litla-Hrauni og hefur það um margra ára bil verið undir stjórn Ingis Ingasonar kennslustjóra. Á árinu 1998 innrituðust í skólann um 30 nemendur á hvorri önn en talsverður hluti þeirra hvarf frá námi af ýmsum ástæðum þegar leið á önnina. Þannig er föngum t.d. vikið úr skólanum ef upp kemst um neyslu fíkniefna eða ef um önnur alvarleg agabrot er að ræða. Þá kemur fyrir að fangar eru fluttir fyrirvaralítið á milli fangelsa og eins ljúka þeir afplánun á öllum tímum ársins. Ánægjulegt er þó til þess að vita að mörgum tekst að ljúka prófum og til dæmis útskrifuðust þrír nemendur af viðskiptabraut með verslunarpróf á vorönn 1998. Einn nemandi vann það afrek að ljúka 48 einingum á þessari önn og var engin einkunn undir 8. Er þetta met í sögu Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Á vorönn 1999 er reiknað með því að hægt verði að taka í notkun nýja tölvustofu á Litla-Hrauni og mun þá aðstaða til slíks náms batna til mikilla muna.

Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu eru tvö, Hegningarhúsið að Skólavörðustíg 9 í Reykjavík og Fangelsið Kópavogsbraut 17 í Kópavogi.

Í Hegningarhúsinu eru 16 fangapláss, þar af tvö fyrir gæsluvarðhaldsfanga í einangrun. Á árinu 1998 komu 176 fangar í afplánun óskilorðsbundinna refsivistardóma, 20 í gæsluvarðhald og 94 í vararefsingu fésekta eða samtals 288 fangar. Að meðaltali voru þar vistaðir 11,72 fangar á dag, sem er svipaður fjöldi og árið á undan. Eins og getið er um hér á eftir er fangelsið fyrst og fremst móttökufangelsi og fangar eru þar yfirleitt í skamman tíma. Vinna er þar einungis fyrir 1-2 fanga en hinum eru ákvarðaðir dagpeningar. Þó Hegningarhúsið sé gamalt þá hefur þar verið útbúin lágmarksaðstaða fyrir tólmstundir og líkamsrækt en að flestu leyti hentar það afar illa fyrir það hlutverk sem því er ætlað í dag.

Í Fangelsinu Kópavogsbraut 17 eru 12 pláss, ætluð bæði konum og körlum. Á árinu 1998 komu 50 fangar í afplánun óskilorðsbundinna refsivistardóma, 1 kom í gæsluvarðhald og 18 í vararefsingu fésekta. Meðaltalsfjöldi fanga á dag var 10,42 eða nánast sami fjöldi og árið áður.

Í fangelsinu er föngum haldið til vinnu við ýmis létt verkefni fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og eins við þrif og önnur innanhússverk. Sú ánægjulega þróun hefur orðið að fangavinna hefur aukist jafnt og þétt og eru nú yfirleitt allir vinnufærir fangar þar í vinnu. Þá hefur föngum verið gefinn kostur á að stunda nám við Menntaskólann í Kópavogi og hefur það samstarf gengið með ágætum. Kennarar hafa komið í fangelsið til að kenna en auk þess var einum fanga heimilað að sækja námið utan fangelsis í skólanum sjálfum. Tímalaun fanga í vinnu eða námi eru frá kr. 220-250 á tímunn.

Í Fangelsinu Kvíabryggju er rými fyrir 14 fanga. Á árinu 1998 komu 29 fangar til afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma og voru þar að meðaltali vistaðir 12,45 fangar á dag, sem er eilítil fækkun frá árinu áður. Einungis eru vistaðir þar vel vinnufærir menn og vinnuálag á stundum mikið á fanga og starfsfólk. Á milli koma svo tímar þar sem lítil vinna er. Aðallega er unnið við beitningar, netavinnu, brettasmíði og heyskap, auk annarra starfa sem til falla á jörðinni sjálfri. Laun fanga eru misjöfn en unnið er í akkorði við beitningu og netavinnu og geta duglegir fangar haft góð laun þegar mikið er að gera á þessu sviði.

Í Fangelsinu Akureyri er rými fyrir 9 fanga. Á árinu 1998 komu 35 fangar til afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma, 1 í gæsluvarðhald og 17 til afplánunar vararefsinga fésekta. Meðaltalsfjöldi fanga á dag var 6,8 og fjölgaði þeim nokkuð frá árinu áður. Vinna er fyrir 2-3 fanga á staðnum en annars eru þeim ákvarðaðir dagpeningar. Akureyrarfangelsið er einkum ætlað skammtímaföngum, þó undantekningar séu þar á.

Helstu sjónarmið sem ráða því hvar afplánunarfangi er vistaður

Í 8. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 segir m.a. að Fangelsismálastofnun ákveði í hvaða fangelsi afplánun fari fram og að við þá ákvörðun skuli tekið tillit til aldurs, kynferðis, búsetu og brotaferils fangans.

Flestum sem boðaðir eru til afplánunar er gert að mæta í Hegningarhúsið að Skólavörðustíg 19, Reykjavík. Á því eru þó einkum tvær undantekningar. Konum er gert að mæta í Fangelsið Kópavogsbraut 17 og þeim sem búa norðan heiða er oft heimilað að mæta beint í Fangelsið Akureyri.

Við komu í fangelsi er föngum gert að skila þvagprufu, en við mælingu kemur í ljós hvort þeir hafi verið í neyslu vímuefna. Fljótlega eftir komu í fangelsi fer fram lækningsskoðun og einnig mætir fulltrúi Fangelsismálastofnunar og tekur ítarlega persónuskýrslu af hverjum fanga. Auk ákvæða laganna sem getið er um hér að framan er persónuskýrslan mikilvægt hjálpartæki þegar ákvörðun er tekin um vistun.

Heildarrými fangelsa landsins er 138 pláss. Af þeim eru 87 á Litla-Hrauni, eða um 63%. Stærð þess fangelsis ræður því sjálfkrafa að flestir fangar vistast þar, auk þess sem það er best útbúið hvað varðar aðstöðu og öryggismál. Undantekningarlítið eru dómþolar sem fá 3ja ára dóma eða lengri vistaðir á Litla-Hrauni. Ennfremur eru síbrotamenn yfirleitt sendir þangað svo og hluti þeirra sem við upphaf afplánunar eru öryrkjar eða teljast óvinnufærir. Vegna góðrar námsaðstöðu á staðnum er nokkuð um það að dómþolar með styttri dóma og lítinn sakaferil sækist eftir því að verða vistaðir á Litla-Hrauni og er reynt að verða við óskum þeirra þar um. Flestir gæsluvarðhaldsfangar eru einnig vistaðir á staðnum bæði þeir sem eru í einangrun og í svokallaðri lausagæslu. Þeir síðarnefndu eru vistaðir með afplánunarföngum og stunda vinnu eða nám til jafns við þá. Af þessu má sjá að samsetning fangahópsins á Litla-Hrauni er mjög fjölbreytileg en föngum er ráðað niður á 7 afplánunardeildir. Við val á deildir er m.a. tekið tillit til hegðunar, vímuefnaneyslu, aldurs, tengsla fanga og áforma þeirra á afplánunartímanum.

Á Kvíabryggju má segja að rekið sé opið fangelsi að því leyti til að hvorki eru þar rimlar fyrir gluggum né heldur er svæðið sérstaklega afgirt. Einkum er því reynt að vista þar menn sem hafa lítinn sakaferil eða þá að ætla má að þeim sé treystandi til þess að afplána við slíkar aðstæður. Það skilyrði er einnig sett að fangar sem vistast á Kvíabryggju séu vel vinnufærir og duglegir til verka. Algengast er að vistunartími fanga á Kvíabryggju sé frá nokkrum mánuðum og allt að tveimur árum. Undantekningar verða þó alltaf einhverjar, t.d. ungur aldur og persónulegar aðstæður.

Í Fangelsinu Kópavogsbraut 17 eru 12 fangapláss eins og áður segir og þar eru allir kvenafplánunarfangar vistaðir. Kvenfangar eru að jafnaði 4 til 8 og með þeim eru því vistaðir karlfangar. Við val á þeim síðarnefndu er einkum horft til lengdar dóms, sakaferils og ástands við komu í fangelsið. Dómþolar sem afplána dóma fyrir kynferðisbrot eru ekki vistaðir í fangelsinu.

Í Fangelsinu Akureyri eru einkum vistaðir fangar með skemmri dóma. Þó hafa á seinni árum einnig verið vistaðir þar dómþolar í lengri tíma, einkum ef þeir hafa sjálfir óskað eftir því og/eða þeir eru búsettir norðanlands. Þá hefur geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri í nokkrum tilfellum verið með afplánunarfanga til meðferðar og hafa þeir því verið vistaðir á Akureyri.

Eins og áður segir er flestum dómþolum gert að mæta til afplánunar í Hegningarhúsið að Skólavörðustíg 9. Meirhlutinn er þar einungis í skamman tíma og eru flestir fluttir til vistunar í önnur fangelsi. Þeir sem afplána skemmri dóma og skemmri vararefsingu fésekta afplána þó oft allan tímann í Hegningarhúsinu. Þá kemur fyrir að dómþolar sem þurfa meðferð lækna á höfuðborgarsvæðinu séu vistaðir um lengri tíma á staðnum og einnig geta persónulegar aðstæður manna svo og óskir þeirra ráðið því að afplánun í Hegningarhúsinu getur orðið margir mánuðir.

Í svo litlu samfélagi sem Ísland er geta oft á tíðum komið upp vandamál þegar föngum er raðað í fangelsi eða á einstakar deildir innan þess. Þannig er t.d. óheppilegt eða óæskilegt að vista saman menn sem staðið hafa saman í afbrotum. Þá kemur fyrir að menn telja sig eiga harma að hefna hver gegn öðrum. Einnig þarf oft að taka tillit til persónulegra tengsla eða fjölskyldutengsla þegar afplánunarstaður er ákveðinn. Almenn séð er rétt að taka fram í þessu sambandi að fjöldi klefa/herbergja í hverju fangelsi ræður ávallt nokkru um vistun. Þannig er t.d. aldrei hægt að vista fleiri en 14 fanga á Kvíabryggju þó svo að fleiri gætu fallið í þann hóp sem heppilegt væri að vista þar.

Af og til hafa heyrst raddir um að óheppilegt sé að vista saman karl- og kvenfanga. Reynsla Fangelsismálastofnunar af því verður þó þegar á heildina er litið að teljast góð. Fangelsissamfélagið er um margt óeðlilegt samfélag þar sem menn verða að dvelja gegn vilja sínum og undirgangast ýmsar reglur um framkomu og hegðun almennt. Samfélag manna sem þar að auki er einkynja verður ennþá óeðlilegra, þó flestir karlfangar verði að setta sig við það. Samþýli kynjanna hefur gengið áfallalaust fyrir sig en ákveðnar reglur gilda um samneyti karla og kvenna meðan á afplánun stendur.

Hér á landi hefur aldrei verið rekið unglíngafangelsi þó að stundum hafi sú hugmynd skotið upp kollinum í opinberri umræðu. Stefna Fangelsismálastofnunar hefur frekar verið á þann veg að óheppilegt sé að vista unga afbrotamenn saman í fangelsi verði hjá því komist. Sem betur fer er það sjaldgæft nú orðið að ungmenni undir 18 ára aldri vistist í fangelsi, en ávallt eru nokkrir að afplána á aldrinum 18-20 ára. Vegna smæðar samfélagsins þekkja flestir þessara ungu manna hver annan og hafa oft á tíðum verið saman í neyslu fíkniefna auk þess að stunda saman önnur afbrot. Því hefur oft verið reynt að stífa þeim í sundur og vista þá með rólegri og eldri mönnum, gjarnan þeim sem ekki eiga langan sakaferil að baki. Oft er þó erfitt að samræma öll sjónarmið við slíka vistun enda eru fangar á stundum fluttir á milli fangelsa þegar líða tekur á afplánunartímann eða á aðrar stofnanir utan þeirra. Þá er rétt að geta þess hér að síðla árs 1998 gerði Fangelsismálastofnun samkomulag við Barnaverndarstofu þess efnis að fangar undir 18 ára aldri yrðu að jafnaði vistaðir á meðferðarheimilum þeirra síðarnefndu í stað fangelsa. Slík meðferð skal vara í það minnsta 6 mánuði.

Ástand dómþola við upphaf afplánunar er ákaflega misjafnt. Nokkur hluti manna hefur afplánun refsingar strax að loknu gæsluvarðhaldi, einkum eru það síbrotamenn svo og þeir sem framið hafa stórfelld og/eða gróf afbrot. Hinir hafa margir samband við Fangelsismálastofnun strax þegar dómur er fallinn og leita sér upplýsinga um möguleika sína, réttindi og skyldur. Aðrir bíða eftir því að vera formlega kallaðir til afplánunar með bréfi og hafa þá samband við stofnunina í sömu erindagjörðum. Flestir þessara manna koma til afplánunar á tilsettum tíma og hafa bæði undirbúið sig og sína vegna þessa. Eftir megni er reynt að taka tillit til aðstæðna manna þegar afplánunarfangelsi er ákveðið. Hins vegar er alltaf eitthvað um að dómþolar hvorki mæti til afplánunar né hafi samband við Fangelsismálastofnun. Er þá gefin út handtökuskipun á hendur þeim og þeir eftirlýstir af lögreglu. Eins og gefur að skilja eru þessir menn oft illa haldnir þegar þeir koma til afplánunar, einkum vegna fíkniefnaneyslu og andlegs og líkamlegs ástands að öðru leyti. Gjarnan á þessi hópur manna yfir höfði sér málshöfðun vegna nýrra afbrota.

Það er ljóst að það verður alltaf vandasamt verk að raða dómþolum í fangelsi og einstakar deildir innan þeirra. Ótti manna við afplánun á Litla-Hrauni er staðreynd og oftast koma fram óskir um annan vistunarstað frá föngunum sjálfum og aðstandendum þeirra. Sumpart er þessi ótti til kominn af umtali í Þjóðfélaginu og „Hraunið“ virðist hafa mjög neikvæða ímynd í hugum margra landsmanna. Neikvæðar fréttir virðast, á þessu sviði sem öðrum, lífsseigari en þær jákvæðu. Líklega er það svo að í hverju landi verður alltaf til a.m.k. eitt fangelsi sem hefur slíka ímynd í hugum fólks burtséð frá því hvernig aðstæður á staðnum eru. Í sjálfu sér er það ekki óeðlilegt þar sem um stærsta og best búna fangelsi landsins er að ræða og þar hljóta því ávallt að afplána þeir sem dæmdir hafa verið fyrir alvarlegustu afbrotin. Það sem er athyglisvert í þessu sambandi er að ímynd Litla-Hrauns virðist lítið hafa batnað þó svo að aðstæður þar hafi gjörbreyst til hins betra, bæði hvað varðar aðstöðu fyrir fanga og starfsfólk.

Árið 1992 voru lagðar fyrir dómsmálaráðherra tillögur nefndar sem m.a. hafði fengið það hlutverk að gera heildarúttekt á fangelsismálum hér á landi og koma með tillögur til úrbóta. Þar var m.a. lagt til að fangelsið að Litla-Hrauni yrði minnkað verulega og það gert að 28 manna fangelsi sem skipta ætti í fjórar deildir. Þar skyldu einkum vistaðir vel vinnufærir menn, svipað og nú er á Kvíabryggju. Aðalfangelsi landsins skyldi svo vera í Reykjavík. Dómsmálaráðherra féllst ekki á þessa tillögu og ákvað að nýtt fangelsi skyldi reist á Litla-Hrauni. Staðan í dag er þess vegna sú að enn hefur ekki verið reist nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu. Færa má að því sterk rök að mun ódýrara og eðlilegra hefði verið að fara að tillögum nefndarinnar.

Sjálfsvíg í Fangelsinu Litla-Hrauni

Á árinu 1998 gerðust þeir hörmulegu atburðir í Fangelsinu Litla-Hrauni að þrír fangar frömdu sjálfsvíg, en slíkt hafði ekki gerst í íslenskum fangelsum í 19 ár eða síðan árið 1979 er ungur maður í Fangelsinu Litla-Hrauni tók líf sitt. Sjálfsvíginn höfðu mikil áhrif, ekki aðeins á aðstandendur fanganna, heldur einnig á samfanga þeirra, fangaverði og aðra starfsmenn fangelsiskerfisins.

Í kjölfar þessara hörmulegu tíðinda skipaði dómsmálaráðherra þriggja manna nefnd sérfræðinga til að annast óháða rannsókn á sjálfsvígunum. Nefndina skipuðu Páll Hreins-son dósent, Hannes Pétursson prófessor í geðlækningum og Sigurjón Björnsson sálfræðingur og prófessor emeritus. Niðurstaða nefndarinnar var sú að megin ástæður þessara þriggja sjálfsvígna hefðu verið persónulegar, þ.e. vegna andlegs ástands og erfiðra persónulegra aðstæðna fanganna. Þeir áttu allir þrír sögu um mikla fíkniefnaneyslu og höfðu auk þess töluverða reynslu af því að dvelja í fangelsi, enda hlotið fjölmarga óskilorðsbundna fangelsisdóma. Allir höfðu þeir leitað eftir og fengið aðstoð við vandamálum sínum hjá starfsmönnum fangelsiskerfisins, allir höfðu þeir verið í meðferð hjá geðlækni og tveir þeirra hjá sálfræðingi Fangelsisins Litla-Hrauni.

Erfitt er að skýra sjálfsvíginn með tilliti til aðstæðna eða starfshátta í Fangelsinu Litla-Hrauni, enda segir í skýrslu nefndarinnar, „ekki verður annað séð en að starfshættir og aðgát starfsmanna fangelsisins hafi tekið mið af aðstæðum og verið með eðlilegum hætti“ (bls. 50). Þó hafa fangelsisýfirvöld orðið fyrir mikilli gagnrýni vegna þessa. Fram hafa verið bornar ásakanir um afskiptaleyfi yfirvalda, skort á sálfræði- og geðlækniþjónustu og að lítið sem ekkert sé gert til þess að aðstoða fanga í vanda þeirra. Hér er vert að minna á að afbrotamenn, einkum þeir sem eru í mikilli fíkniefnaneyslu, eru oft í mikilli sjálfsvígshættu, bæði innan fangelsa og utan þeirra. Margir þeirra eiga við alvarleg persónuleikavandamál að stríða, auk líkamlegra, félagslegra og fjárhagslegra vandamála. Þetta eru oft á tíðum viðvarandi vandamál, sem eiga sér langan aðdraganda. Við komu í fangelsi fá fangar aðgang að heilbrigðisþjónustu sem margir þeirra annað hvort leita ekki eftir

utan fangelsis eða þeir telja sig ekki hafa efni á að kaupa sér. Þannig er stór hluti fanga að þessu leyti jafnvel betur settur í fangelsi en utan þess.

Auk þess að rannsaka tildrög sjálfsvíganna þriggja var nefndinni ætlað að koma með tillögur um úrbætur og aðgerðir til þess að fyrirbyggja sjálfsvíg í fangelsum landsins. Í niðurlagskafla skýrslunnar segir m.a.: „Með tilliti til erlendra rannsókna virðist ljóst, að aldrei er hægt að koma að fullu í veg fyrir sjálfsvíg fanga. Afbrotamenn, einkum þeir, sem eru í mikilli fíkniefnaneyslu, eru almennt í töluverðri sjálfsvígshættu, hvort sem þeir dvelja innan fangelsa eða utan þeirra. Á hinn bóginn er ljóst að með ákveðnum aðgerðum er þó hægt að draga úr sjálfsvígshættu þeirra.“ (bls. 50)

Fjölmargar tillögur eru settar fram í skýrslu nefndarinnar, bæði um sérstakar aðgerðir er varða sjálfsvígshættu fanga, s.s. aðgerðaáætlun um það hvernig bregðast skuli við þegar fangi er talinn í sjálfsvígshættu, mat á líkamlegu og geðrænu ástandi fanga við upphaf fangavistar, eftirlit með föngum, menntun fangavarða, o.fl. og einnig almennar aðgerðir til þess að bæta líðan fanga í fangelsum, s.s. aðbúnað, vinnu- og menntunarframboð, o.fl.

Þegar var hafist handa við að framkvæma tillögur nefndarinnar. Haldin voru námskeið fyrir starfsmenn á Litla-Hrauni um sjálfsvíg og sjálfsvígshættu á meðal fanga og aðgerðir þar að lútandi, vinna hófst við að útbúa reglur um aðgerðir starfsmanna fangelsa vegna sjálfsvígshættu fanga og námsefni (handbók) fyrir fangaverði um sjálfsvíg og sjálfsvígshættu í fangelsum, farið var að taka persónuskýrslu af öllum sem hefja afplánun og undirbúningur hófst að viðamikilli rannsókn á geðrænu ástandi fanga sem hefja afplánun í íslenskum fangelsum. Þá hefur verið fjallað um endurskoðun og breytingar á starfsháttum í fangelsinu.

Fangelsið Litla-Hrauni er stærsta fangelsið á Íslandi og á síðustu árum hafa orðið þar miklar breytingar varðandi aðstöðu og öryggi, einkum með tilkomu nýja fangelsishússins árið 1995, sem rúmar 55 fanga. Í fangelsinu eru að jafnaði vistaðir á milli 70 til 80 fangar í ýmsu ástandi, með mismunandi vandamál og í mislangan tíma. Nokkur hluti fanganna á við alvarleg hegðunar- og sálræn vandamál að stríða og hafa viðbrögð fangelsisins verið þau að vista þá sem erfiðastir eru saman, enda hefur hegðun fanga m.a. verið látin ráða því hvar þeir eru vistaðir. Þetta hefur verið gert í a.m.k. þrennum tilgangi. Í fyrsta lagi til þess að gefa föngum, sem hafa áhuga og getu, tækifæri til þess að byggja sig upp meðan á afplánun stendur. Í öðru lagi hefur þessi flokkur verið viðhöfð til þess að hefta innflutning og dreifingu fíkniefna í fangelsinu, en þeir sem verða uppvísir að neyslu vímuefna í refsivistinni eru gjarnan vistaðir saman. Í þriðja lagi er þetta gert til þess að auðvelda eftirlit með föngum sem eru erfiðir í refsivist, en þeir eru hafðir saman þar sem eftirlit er mest.

Erfitt getur verið að koma auga á einstaklinga sem eru í sjálfsvígshættu, enda eru sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir sprottin af mismunandi ástæðum. Hluti fanga er í töluverðri sjálfsvígshættu og mjög erfitt getur reynst að koma í veg fyrir að þeir skaði sig og geri tilraun til sjálfsvígs, einkum eftir að fangaklefum hefur verið lokað á kvöldin. Ekki er unnt að fylgjast með þeim eftir innilokun án þess að opna klefa þeirra og trufla nætursvefn. Þess ber einnig að geta að föngum er heimilt að hafa hjá sér ýmsa hluti á klefa, s.s. hljómtæki og sjónvörp með rafmagnsnúrum, sem þeir geta notað til þess að skaða sig. Reynt er þó að hafa eftirlit með þeim sem talið er að séu í sjálfsvígshættu og þegar ástæða þykir til eru fangar fluttir í einangrunarklefa í öryggisálfmu fangelsisins eða á deild 1A í húsi 4, þar sem unnt er að fylgjast með þeim í gegnum lúgu á hurð. Þrátt fyrir að yfirleitt sé ekki talið heppilegt að einangra fólk sem er í sjálfsvígshættu ber að hafa í huga að þegar fangi er vistaður í einangrun í öryggisálfmu fangelsisins af þessum sökum þá nýtur hann um leið töluverðrar umönnunar fangavarða, auk reglulegs eftirlits

allan sólarhringinn. Fangaverðir ræða við fangann, bjóða honum viðtal við sálfræðing og lækna og leggja sig fram við að liðsinna honum á annan hátt eins og þeim er mögulegt. Í mörgum tilvikum hafa fangaverðir eða yfirmenn í fangelsinu frumkvæði að því að kalla til lækni og/eða sálfræðing til þess að aðstoða fangann. Fangaverðir virðast almennt meðvitaðir um breytingar sem verða á ástandi fanga, enda töluverð áhersla lögð á það, bæði á námskeiðum og í Fangavarðaskólanum, að fræða þá um helstu einkenni geðrænna og sálrænna vandamála fólks, s.s. þunglyndis, kvíða og sjálfsvígshættu. Samskipti fangavarða og yfirmanna fangelsisins við lækna og sálfræðinga hafa verið töluverð og góð í gegnum tíðina, þannig að skilaboð og ráðleggingar hafa gengið á báða bóga.

Sjálfsvíg fanganna þriggja í Fangelsinu Litla-Hrauni á árinu 1998, eru óneitanlega þess eðlis að spurningar vakna um það hvort aðbúnaður fanga sé nógu góður í fangelsinu. Hins vegar er það megin niðurstaða nefndarinnar, eins og fram hefur komið, að hér hafi fremur ráðið persónulegar ástæður fanganna en slæmur aðbúnaður í fangelsinu. Fangarnir þrír áttu allir töluverða afbrotasögu að baki, auk sögu um fíkniefnaneyslu og ýmis sálræn vandamál. Slíkir einstaklingar eru gjarnan í sjálfsvígshættu, bæði í fangelsum og utan þeirra.

II. 2. FANGAVARÐASKÓLI RÍKISINS

Skólalald á vegum Fangavarðaskóla ríkisins á árinu 1998 var með þeim hætti að bæði á vor- og haustmisseri fór fram framhaldsnám fangavarðanema sem lokið höfðu grunnnámi árið á undan. Var þar um að ræða fyrstu nemendurna sem luku framhaldsnámi frá Fangavarðaskóla ríkisins eftir að hafa lokið grunnnámi í samræmi við nýja reglugerð um ráðningu og menntun fangavarða. Þetta voru tveir hópar, samtals fimmtán nemendur. Á vorönn voru sex nemendur, fimm frá Litla-Hrauni og einn frá Fangelsinu Akureyri, en nemandi frá höfuðborgarsvæðinu sagði starfi sínu lausu skömmu fyrir upphaf skólans. Þá var tveimur nemendum frá Litla-Hrauni, sem verið höfðu í grunnnámi þessa hóps, ekki heimilað að hefja framhaldsnám þar sem þeir stóðust ekki lágmarkskröfur samkvæmt gildandi reglugerð til að stunda nám á framhaldsstigi. Á haustönn voru níu nemendur, sjö frá Litla-Hrauni og tveir frá fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík.

Kennslutímar á vorönn voru ríflega 340 á 11 vikum, frá 16. febrúar til 30. apríl. Uppi- staða námsins skiptist á 12 greinar sem níu kennarar höfðu umsjón með. Ákveðið var að fjölga kennslutímum á haustönn og urðu þær 420 á 12 vikum. Greinar voru hinar sömu en bætt var við verkefnatímum, ensku og tölvuþjálfun.

Framhaldsnám í Fangavarðaskólanum miðaðist fyrst og fremst við að efla hæfni og þekkingu fangavarðanema, styrkja sjálfstraust þeirra og bæta við þar sem grunnnáminu sleppti. Sérstök áhersla var á þætti eins og sjálfstæða verkefnavinnu, skriflega tjáningu, tölvuþjálfun, ensku og mannleg samskipti. Áðurnefnd tvö fyrstu framhaldsnámskeið Fangavarðaskólans, sem haldin voru samkvæmt reglugerð nr. 11/1996 um menntun fangavarða, voru haldin í dómssal Hegningarhússins í Reykjavík þar sem skólinn hefur haft aðstöðu um árabíl. Líklegt má telja að á næsta ári muni Fangavarðaskólinn alfarið flytja úr því húsnæði, en skólanefnd hefur lýst þeim vilja sínum að breyting verði þar á og hefur samstarf við Lögregluskólann komið til tals. Er því viðbúið að framvegis verði ekki haldið úti námi fyrir fangaverði í gamla Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg.

Skólanefnd, skipuð forstjóra Fangelsismálastofnunar, fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytis og fulltrúa Fangavarðafélags Íslands, hefur umsjón með skólastarfinu. Hlutverk hennar er m.a. að ákveða kennslufyrirkomulag og kennslugreinar, framkvæmd prófa og einkunnagjöf. Deildarstjóri fræðsludeildar Fangelsismálastofnunar undirbýr fundi nefnd-

arinnar og situr þá. Nefndin hélt fjóra fundi á árinu og sat umsjónarmaður skólans þá einnig. Þá voru haldnir þrír kennarafundir á árinu.

Í febrúar 1998 setti skólanefnd Fangavarðaskólans reglur um verklegan þátt í grunnnámi fangavaraða. Þar segir m.a. að yfirmaður fangelsis, í samráði við fræðsludeild Fangelsismálastofnunar, skuli í upphafi starfsnáms gera áætlun um starfsþjálfun fangavaraðanema og skila skriflegri skýrslu um frammistöðu þeirra. Fangelsismálastofnun skal síðan skrá upplýsingar úr skýrslunni í ferilsskrá viðkomandi starfsmanns.

Auk framhaldsnáms Fangavarðaskólans voru haldin nokkur styttri námskeið á árinu. Fjölsótt nýliðanámskeið var haldið 18. - 22. maí, en alls sóttu það 24 nýliðar úr öllum fangelsum landsins og var það haldið í Félagsheimilinu Stað á Eyrarbakka. Annað nýliðanámskeið var haldið í Hegningarhúsinu 15.- 18. september og sóttu það 3 nýliðar. Einnig má nefna að haldin voru öryggisnámskeið, skyndihjálpar- og brunavarnanámskeið og námskeið fyrir sérsveit fangavaraða á Litla-Hrauni.

Á síðari hluta ársins var hafinn undirbúningur að endurskoðun og breytingum á reglugerð nr. 11/1996 um skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður og um menntun fangavaraða.

II. 3. LEYFI ÚR REFSIVIST

Á árinu voru föngum í fangelsum landsins veitt samtals 46 dagsleyfi án fylgdar úr refsivist. Eins og getið er um í fyrri ársskýrslum Fangelsismálastofnunar eru leyfi þessi veitt með heimild í 21. gr. laga um fangelsi og fangavist og reglugerð nr. 719/1995. Með þessu móti er reynt að búa fanga undir að afplánun ljúki og að auðvelda þeim endurkomu út í hið frjálsa samfélag á ný. Leyfi þessi eru háð ströngum skilyrðum, en ekki er vitað til þess að nokkur fangi hafi á árinu misnotað slíkt leyfi. Fangelsismálastofnun hefur lagt til við dóms- og kirkjumálaráðuneytið að leyfum þessum verði fjölgað þegar líða tekur að lokum afplánunar.


Algengt er að föngum sé veitt leyfi til að heimsækja sjúka ættingja sína, en þau leyfi eru að jafnaði í fylgd fangavaraða. Þá er reynt að verða við óskum fanga um að þeir fái að vera viðstaddir fæðingu barna sinna.

II. 4. ÁFENGIS- OG FÍKNIEFNAMÆÐFERÐ Í REFSIVIST

Á árinu 1998 var 18 föngum gefinn kostur á því að ljúka síðustu vikum afplánunarinnar í meðferð á sjúkrastofnunum SÁÁ. Hafði þeim fækkað talsvert frá síðustu árum, enda föngum fækkað almennt eins og sést í skýrslu þessari. Luku 13 dómþolar meðferð, en 5 voru sendir aftur í fangelsi. Þar af voru fjórir samkvæmt eigin ósk, en einn gerðist sekur um agabrot. Súluritið hér að neðan sýnir þróunina allt frá 1990, en þá voru fyrstu fangarnir sendir til meðferðar. Frá upphafi hafa samtals 178 dómþolar verið sendir til meðferðar hjá SÁÁ. Þrír af hverjum fjórum hafa lokið meðferð. Mikið hefur verið fjallað um úrræði þetta í fyrri ársskýrslum Fangelsismálastofnunar og er til þeirra vísað um nánari upplýsingar. Á árinu 1999 verður sú nýbreytni tekin upp að yngri dómþolum, sem eru að hefja afplánun, verður gefinn kostur á því að fara í meðferð við upphaf afplánunar. Þeim verður svo valinn vistunarstaður í fangelsi m.a. með hliðsjón af því hvernig til tekst í meðferðinni.

Þá er rétt að geta þess hér að AA samtökin hafa til margra ára verið með reglulega fundi í öllum fangelsum landsins og hafa félagsmenn unnið þarft verk á þessu sviði.


Fjöldi fanga vistaður í áfengis- og fíkniefna- meðferð í refsivist árin 1990 – 1998



II. 5. STROK OG STROKILRAUNIR ÚR REFSIVIST

Eins og súluritið hér að aftan sýnir strauk enginn fangi úr fangelsi á árinu 1998 og engin tilraun var heldur skráð til stroks. Segja má að eðlilegt ástand hafi ríkt hvað þessi mál varðar nú um nokkurra ára skeið en eins og sjá má voru strok of tíð hér á árum áður.

Strok og stroktilraunir úr refsivist árin 1986 – 1998




III. FULLNUSTA REFSIDÓMA

III. 1. AFPLÁNUN REFSIVISTAR HJÁ FÉLAGASAMTÖKUNUM VERND

Á árinu 1998 var 42 föngum gefinn kostur á að ljúka síðustu vikum eða mánuðum refsivistar á áfangaheimili Verndar og stunda þaðan vinnu eða nám. Af þeim stóðust 34 öll skilyrði fyrir vistun en 8 voru sendir til baka í fangelsi vegna agabrota og luku afplánun þar. Þetta er heldur hærra brottfall en á síðustu árum. Samstarf félagasamtakanna Verndar og Fangelsismálastofnunar um afplánun dómþola á hluta dæmdrar refsivistar á áfangaheimili þeirra hófst árið 1995. Á þessum fjórum árum hefur samtals 176 dómþolum verið gefinn kostur á að ljúka afplánun hjá Vernd. Af þeim hafa alls 155 staðist öll skilyrði sem þeim voru sett eða rúmlega 88% en 21, eða tæplega 12%, voru sendir aftur í fangelsi. Enginn þeirra gaf þó tilefni til afskipta lögreglu.

Tæplega 18% þeirra sem luku afplánun á árunum 1995-1998 var gefinn kostur á að afplána hjá Vernd. Hefur hlutfall þeirra farið vaxandi og á árinu 1998 var fjórða hverjum fanga heimilað að ljúka afplánun hjá Vernd. Mikið hefur verið fjallað um úrræði þetta í fyrri ársskýrslum Fangelsismálastofnunar og er vísað til þeirra um nánari upplýsingar.


Vistun hjá Félagasamtökunum Vernd árin 1995 – 1998



III. 2. SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA


Á árinu bárust 118 umsóknir um samfélagsþjónustu, sem er mikil aukning frá árinu á undan. Skýringuna má rekja til breytinga á lögum um fangelsi og fangavist nr. 48/1988, en frá 1. janúar 1998 voru lög um samfélagsþjónustu felld inn í lög um fangelsi og fangavist. Þessi breyting hefur það í för með sér að unnt er að heimila manni, sem dæmdur hefur verið í allt að 6 mánaða óskilorðsbundna refsivist ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að afplána refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu. Með lagabreytingunni var einnig heimiluð samfélagsþjónusta þegar hluti refsingar er skilorðsbundinn. Heildarrefsivist má þó ekki vera lengri en 6 mánuðir. Súlurit 1 sýnir fjölda umsókna um samfélagsþjónusu frá upphafi.

Súlurit 1
Fjöldi umsókna um samfélagsþjónustu árin 1995 – 1998



Súlurit 2 sýnir mikla fjölgun þeirra sem veitt hefur verið heimild til að afplána refsingu með samfélagsþjónustu á milli árunna 1997 og 1998. Einnig kemur fram að mun fleiri umsóknum er nú hafnað en á fyrri árum.


Súlurit 2
Afgreiðslur umsókna um samfélagsþjónustu árin 1995 – 1998



Af 3. súluriti má sjá ástæður synjana á umsóknum um samfélagsþjónustu.

Súlurit 3


Ástæður synjana á umsóknum um samfélagsþjónustu árin 1995 – 1998



Af 4. súluriti sést að svipuðum fjölda umsækjenda sem áður hafa afplánað refsivist í fangelsi var veitt samfélagsþjónusta þrátt fyrir fjölgun umsókna um samfélagsþjónustu milli árana 1997 og 1998.


Súlurit 4

Fjöldi umsækjenda sem veitt var samfélagsþjónusta árin 1995 – 1998 og þar af fjöldi þeirra sem áður hafði afplánað í fangelsi




Súlurit 5 sýnir hvernig samfélagsþjónustu lauk innan hvers árs. Eins og sjá má hófu 178 samfélagsþjónar fullnustu refsingar á tímabilinu, þar af luku 161 samfélagsþjónustu að fullu en 17 eða tæplega 11% rufu skilyrði hennar eftir að hafa innt hluta samfélagsþjónustunnar af hendi. Upphaflega var að því stefnt að skilorðsrof færu ekki yfir 15% og hefur það gengið eftir.

Súlurit 5
Fjöldi þeirra sem stóðst/rauf skilyrði
samfélagsþjónustu innan hvers árs árin 1995 – 1998



Súlurit 6 sýnir þann dagafjölda refsivistar sem fullnustaður var innan hvers árs með samfélagsþjónustu. Eins og gefur að skilja sker árið 1998 sig verulega úr vegna aukinnar notkunar á þessu úrræði á árinu.

Súlurit 6
Fjöldi óskilorðsbundinna refsivistardaga sem afplánaður
er með samfélagsþjónustu innan hvers árs árin 1995 – 1998



III. 3. TÖLULEGT YFIRLIT UM DÓMA OG ÞRÓUN DÓMAFULLNUSTU

Á árinu 1998 bárust Fangelsismálastofnun til fullnustu og vistunar 1.361 dómur. Frá ríkissaksóknara bárust 1.310 dómar, einn dómur var endursendur samkvæmt beiðni ríkissaksóknara og 46 dómar bárust frá Hæstarétti Íslands. Þá sendi dóms- og kirkjumálaráðuneytið til fullnustu 5 norræna refsivistardóma og var einn þeirra endursendur samkvæmt beiðni ráðuneytisins. Þá barst stofnuninni einn úrskurður þar sem úrskurðað var að skilorðsbundin refsing, þar sem frestun á fullnustu refsingar hafði ennfremur verið bundin sérstökum skilyrðum, skyldi koma til fullnustu.

Ennfremur bárust stofnuninni 554 viðurlagaákvörðanir og 1.753 árituð sektarboð frá ríkissaksóknara.

Tafla 1.1. sýnir breytingu frá þróun síðustu ára þar sem heildarfjöldi refsinga samkvæmt dómum hafði verið á niðurleið. Fjölgunin nú er að mestu leyti til komin vegna fjölgunar á skilorðsbundnum refsingum og sektarrefsingum. Samanlagður fjöldi óskilorðsbundinna refsinga er svo til óbreyttur frá síðasta ári og af töflu 5 má lesa að heildarrefsitími slíkra refsinga er heldur minni en á árinu 1997. Rétt er að geta þess að í fyrri ársskýrslum stofnunarinnar eru þær ákvarðanir refsinga sem frestað var skilorðsbundið talda með skilorðsbundinni refsivist en því hefur nú verið breytt og eru þær talda sérstaklega. Þá hefur sektarrefsingum samkvæmt viðurlagaákvörðunum fjölgað umtalsvert.

Með lögum nr. 31/1998 varð sú breyting á lögum um meðferð opinberra mála að unnt er að ljúka minni háttar sakamálum með ákvörðun dómara um sekt og vararefsingu, og tekur dómari þá ákvörðun með áritun á sektarboð lögreglustjóra, hafi sakborningur ekki sinnt sektarboði samkvæmt 1. mgr. 115. gr. a innan 30 daga frá því það sannanlega barst honum eða einhverjum þeim sem birta mætti stefnu fyrir á hendur honum í einkamáli. Þannig árituð sektarboð, 1753 að tölu, bárust stofnuni til birtingar og fullnustu frá 7. október 1998 til áramóta.

Skilorðsbundnum refsingum, þar sem frestun á fullnustu refsinga var jafnframt bundin sérstökum skilyrðum, skv. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, fjölgaði verulega á árinu. Sjá töflu um skiptingu sérskilyrða:

<i>Númer töluliða 3. mgr. 57. gr. hegningarlaga</i>	<i>Fjöldi</i>
1	2
1. og 2. töluliður	5
1. og 3. töluliður	15
1., 3. og 4. töluliður	2
1., 2. og 6. töluliður	1
1., 2., 3. og 6. töluliður	1

Eins og sjá má á töflunni er frestun á fullnustu 18 refsinga m.a. bundin skilyrði samkvæmt 3. tölul. 3. mgr. 57. gr. hgl., þ.e.a.s. að aðili neyti ekki á skilorðstímanum áfengis né deyfilyfja. Á liðnum árum hafa dómarar ekki oft kveðið upp dóma þar sem skilorðsbundin frestunrefsingar er einnig bundin sérskilyrðum, þannig að hér hafa orðið talsverðar áherslubreytingar.

Tafla 1.2. sýnir að refsingum fjölgar töluvert þar sem dómþolar eru 15 – 17 ára við uppkvaðningu dóma, bæði óskilorðsbundnum og skilorðsbundnum refsingum. Taflan sýnir einnig fjölda þeirra skilorðsbundnu refsinga sem dæmdar eru upp, bæði vegna og án skilorðsrofs, hjá þessum aldurshópi. Þess skal getið að tölur breytast milli ára þar sem

refsingar geta verið dæmdar upp meðan skilorðstími varir. Það kemur í ljós að 26% refsinga sem bárust 1997 hafa þegar verið dæmdar upp, en á árunum 1994 – 1996 eru refsingar sem dæmdar hafa verið upp á bilinu 20 – 21%. Enn hafa aðeins 18% refsinga sem bárust á árinu 1998 verið dæmdar upp.


Eins og getið er um hér að framan fjölgaði þeim dómþolum verulega, sem hlotið hafa skilorðsbundna refsingu og frestun á fullnustu refsingar er bundin sérstökum skilyrðum samkvæmt 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Af þeim refsingum voru tæplega 31% í þessum aldurshópi á árinu 1998. Sjá töflu um skiptingu sérskilyrða:

<i>Númer töluliða 3. mgr. 57. gr. hegningarlaga</i>	<i>Fjöldi</i>
1	1
1. og 3. töluliður.....	6
1., 2., 3. og 6. töluliður.....	1

Eins og sjá má af töflunni eru flestir, eða 7, m.a. á þannig skilyrði að aðili neyti ekki á skilorðstímanum áfengis né deyfilyfja. Þrjár af refsingum þessum hafa verið dæmdar upp vegna skilorðsrofs og ein dæmd upp án skilorðsrofs. Þess má geta að refsing sú sem barst á árinu 1997 í þessum aldurshópi og var bundin sérstökum skilyrðum hefur verið dæmd upp án skilorðsrofs.

Vakin er athygli á því að fjöldi refsinga í töflu þessari er nú miðaður við þær refsingar sem berast til fullnustu innan árs þar sem dómþolar eru 15 – 17 ára við uppkvaðningu dóma en í ársskýrslu fyrir árið 1997 var fjöldi refsinga í töflu 1.2 aðeins miðaður við þá dóma þar sem dómþolar voru á aldrinum 15 – 17 ára við uppkvaðningu. Þar sem dómar geta borist stofnuninni töluvert eftir uppkvaðningu þótti rétt að miða við þær refsingar sem berast stofnuninni innan hvers árs og dómþolar eru á þessu aldursbili við uppkvaðningu.


Fjöldi dómþola í boðun í lok hvers árs, árin 1989 – 1998



Tafla 2.1. sýnir að svipaður fjöldi fanga var í afplánun um áramótin 1997-1998 og á sama tíma á árunum þar á undan. Af þeim sem voru í afplánun í lok árs 1998 höfðu tæplega 49% verið áður í afplánun. Verulega hefur hins vegar fækkað á boðunarlista og hafa aldrei verið færri fangar á honum um áramót eins og sjá má af súluritinu hér að ofan. Þá sýnir taflan að náðunum hefur fækkað verulega frá síðustu árum og að fjöldi dómpöla á reynslulausn er í lágmarki.

Tafla 2.2. sýnir að mun færri voru í gæsluvarðhaldi og í afplánun vararefsingar fésekta um áramótin 1997-1998 heldur en áramótin næstu þar á undan. Veruleg fjölgun varð þó á gæsluvarðhaldsföngum í heild á árinu eins sjá má af súluritinu um innkomur í fangelsi hér að aftan.

Fjöldi fanga sem lauk afplánun árin 1989 – 1998




Töflur 3a-3b sýna aldursskiptingu fanga og samfélagsþjóna á síðustu árum. Breytingar á aldri fanga eru ekki miklar frá síðasta ári en hins vegar hefur orðið fjölgun í yngri aldurshópum þeirra dómpöla sem hlotið hafa samfélagsþjónustu. Þetta er ánægjuleg þróun séð í ljósi þess að í athugasemdum við frumvarp til laga um samfélagsþjónustu frá 1994 er sérstaklega talað um samfélagsþjónustu sem heppilegt úrræði fyrir unga afbrotamenn sem framið hafa auðgunarbrot, skjalafals eða nytjastuld. Ljóst er að ef samfélagsþjónusta hefði ekki verið heimiluð í stað refsivistar hefði orðið nokkur fjölgun á yngri föngum í fangelsum ríkisins.

Tafla 4a sýnir aðalbrot þeirra sem lokið hafa afplánun eða voru í afplánun á árunum 1994-1998. Breytingar frá síðasta ári eru litlar, en þó hefur fækkað þeim sem afplána refsingu fyrir auðgunarbrot, en heldur hefur fjölgað í öðrum brotaflokkum. Til lengri tíma litið er athyglisverðasta breytingin á samsetningu fanga hópsins sú, að föngum dæmdum fyrir umferðarlagabrot og auðgunarbrot hefur fækkað í fangelsunum en veruleg fjölgun hefur orðið í hópi dæmdra fyrir fíkniefnabrot. Á árinu 1998 voru 20% fanga að afplána refsingu fyrir slík brot.


Tafla 4b sýnir m.a. að á árinu 1998 eru um 2/3 hlutar samfélagsþjóna dæmdir fyrir umferðarlagabrot en sú breyting hefur orðið á árinu að 1/3 hluti þeirra er nú dæmdur fyrir önnur brot, aðallega auðgunarbrot eða skjalafals. Á fyrri árum voru

um og yfir 90% samfélagsþjóna dæmdir fyrir umferðarlagabrot. Aukning á samfélagsþjónustu hefur leitt til þess að samfélagsþjónar eru nú ekki eins einhæfir hvað afbrot varðar og þeir voru áður.

Fjöldi óskilorðsbundinna refsivistardóma, sem barst til fullnustu árin 1989 – 1998



Heildarrefsitími óskilorðsbundinna refsivistardóma (í árum talið) sem barst til fullnustu árin 1989 – 1998




Tafla 5 sýnir, eins og áður er vikið að, að lítil breyting hefur orðið á fjölda óskilorðsbundinna dóma sem bárust til fullnustu á milli árunna 1997 og 1998 og heildarrefsitími er svipaður frá ári til árs ef árið 1995 er undanskilið.

Tafla 6 sýnir að mikil aukning varð á veittri samfélagsþjónustu frá síðasta ári og að dagafjöldi refsinga sem lá að baki samfélagsþjónustu frá árinu á undan rúmlega tvöfaldadist. Útreikningar sýna að með beitingu þessa úrræðis spörudust u.þ.b. 10 fangapláss á árinu, þ.e.a.s. að að jafnaði hefðu 10 fleiri verið í afplánun í fangelsum ríkisins á degi hverjum væri samfélagsþjónusta ekki komin til sögunnar hér á landi. Þá er athyglisvert að á árinu 1998 er hlutfall kvenna um 14% samfélagsþjóna sem er talsvert hærra hlutfall en hlutur kvenna í fangahópnum. Af töflu 7 kemur m.a. fram að hlutfall kvenna af fangahópnum var 8% á árinu 1998 og hafði hækkað töluvert frá árunum á undan. Nánar er fjallað um samfélagsþjónustu í kaflanum um samfélagsþjónustu hér að framan og þar eru birtar fleiri tölulegar upplýsingar.

Töflur 7a-7d sýna í fyrsta lagi að föngum sem lokið hafa afplánun hefur fækkað verulega og hafa þeir ekki verið færri á viðmiðunartímabilinu en á árinu 1998. Í raun hafa ekki, frá stofnun Fangelsismálastofnunar árið 1989, jafn fáir fangar lokið afplánun á einu ári. Þá hefur ekki jafn fáum verið veitt reynslulausn á einu ári og á árinu 1998. Samfélagsþjónustan hefur hér talsvert að segja. Þá sýnir tafla 7d að hlutfall kvenna hefur heldur hækkað í fangahópnum eins og áður er minnst á og hafa þær ekki frá árinu 1989 verið hlutfallslega fleiri en á árinu 1998.


Meðaltalsfjöldi allra afplánunarfanga á dag árin 1989 – 1998



Tafla 8 sýnir að heildarafplánun er heldur minni en á árinu á undan og er sú lægsta á viðmiðunartímabilinu. Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga í fangelsum og á öðrum stofnunum hefur því að sjálfsögðu lækkað. Athyglisvert er að á árinu 1996 voru að jafnaði um 118 fangar í afplánun í fangelsum ríkisins en á árinu 1998 voru þeir 91, eða 27 færri. Gæsluvarðhaldsföngum fækkaði einnig milli árána 1997 og 1998, en þó voru að jafnaði um 10 fangar í gæsluvarðhaldi. Flestir gæsluvarðhaldsfangar eru vistaðir á Litla-Hrauni og er af því talsvert mikið óhagræði, einkum vegna mikilla flutninga þessara manna fyrir dómara, ákærvald og lögreglu í Reykjavík. Gæsluvarðhaldsfangelsi þyrfti að vera á höfuðborgarsvæðinu. Dómþolum sem afplánuðu vararefsingar fésektar fjölgaði hins vegar verulega á árinu en áttak var gert í þeim málaflokki á árinu. Að meðaltali voru tæplega

9 fangar að afplána slíka vararefsingu á árinu 1998 en þeir voru rúmlega 3 árið áður. Af töflunni má einnig lesa að meðaltalsfjöldi þeirra fanga sem afplánuðu óskilorðsbundna refsivist í fangelsum á hverja 100.000 íbúa voru tæplega 37 fangar á árinu 1998 og hefur sá fjöldi ekki verið lægri á viðmiðunartímabilinu. Af súluritinu hér fyrir aftan sést hve mikil fækkun hefur orðið undanfarin 2 ár á þeim er hefja afplánun óskilorðsbundinna refsinga en hins vegar hve mjög þeim fjölgaði á síðasta ári sem hófu afplánun vararefsinga fésekta og bendir flest til að þróun þessi haldist áfram.

Fjöldi þeirra sem hefja afplánun, gæsluvarðhald eða afplánun vararefsinga innan hvers árs árin 1995 – 1998



Tafla 9 sýnir að niðurfallin refsivist hefur lækkað frá árinu áður. Eins og taflan sýnir er mestur hluti niðurfellingar vegna reynslulausna sem dómþolar hafa staðist. Þá létust 6 dómþolar áður en til afplánunar kom, en þrír létust í fangelsi eins og áður er vikið að í skýrslu þessari.

Tafla 10 sýnir að veittum reynslulausnum hefur fækkað verulega á milli ára og hafa þær aldrei verið færri á viðmiðunartímabilinu. Fækkun fanga almennt er hluti skýringarinnar og eins að þeim dómþolum sem veitt er samfélagsþjónusta og ljúka henni, er ekki veitt reynslulausn.

Tafla 11 sýnir að skilorðsbundum dómum fjölgar talsvert. Einkum fjölgar dómum fyrir auðgunarbrot/skjalafals og ofbeldisbrot. Á árinu bárust stofnuninni 123 skilorðsbundir dómur fyrir ofbeldisbrot.

Ennfremur sýnir tafla 12 að sektardómum fjölgar verulega en skipting brota er mjög svipuð og árið áður.

Tafla 1.1**TEGUNDIR REFSINGA SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU ÁRIN 1994 – 1998**

	<i>Fjöldi dómþola árið 1994</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1995</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1996</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1997</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1998</i>
Óskilorðsbundin refsivist	383	308	287	255	260
Óskilorðsbundin refsivist+sekt	10	9	6	7	2
Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist	56	59	65	37	43
Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist+sekt	0	2	2	2	0
Skilorðsbundin refsivist	319	287	263	289	359
Skilorðsbundin refsivist+sekt	61	45	69	69	61
Skilorðsbundin sekt	0	0	0	0	3
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið	41	41	34	35	61
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið+sekt	0	0	0	3	1
Sekt	451	554	483	441	627
Samtals dómþolar:	1321	1305	1209	1138	1417
Fjöldi sektarrefsinga skv. viðurlagaákvörðun	617	699	502	408	568
Fjöldi sektarrefsinga skv. árituðu sektarboði					1753

Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem barst Fangelsismálastofnun til fullnustu, þar sem frestun á fullnustu refsingar er jafnframt bundin sérstökum skilyrðum árin 1995 – 1998

	<i>Fjöldi dómþola árið 1995</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1996</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1997</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1998</i>
Óskilorðsbundinn refsivist+skilorðsbundinn refsivist ..	0	0	1	5
Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist+sekt ..	0	0	1	0
Skilorðsbundin refsivist	1	1	0	18
Skilorðsbundin refsivist+sekt	0	0	0	3
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið	0	0	1	0
Samtals dómþolar:	1	1	3	26

Tafla 1.2

**TEGUNDIR REFSINGA, SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL
FULLNUSTU, ÞAR SEM DÓMÞOLAR ERU 15 – 17 ÁRA VIÐ UPPKVAÐNINGU
DÓMA, VIÐURLAGAÁKVARÐANA OG ÁRITAÐRA SEKTARBOÐA
ÁRIN 1994 – 1998**

	<i>Fjöldi dómþola árið 1994</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1995</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1996</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1997</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1998</i>
Óskilorðsbundin refsivist	14	4	2	1	5
Óskilorðsbundin refsivist+sekt	0	1	0	0	0
Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist	1	4	2	2	4
Skilorðsbundin refsivist	43	33	23	47	57
Skilorðsbundin refsivist+sekt	10	5	12	14	18
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið	13	16	5	11	29
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið+sekt	0	0	0	1	1
Sekt	11	20	11	19	20
Samtals dómþolar:	92	83	55	95	134
Sektarrefsing samkvæmt viðurlagaákvörðun	17	25	22	18	23
Sektarrefsing samkvæmt árituðu sektarboði					60
Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem dæmdur er upp v/skilorðsrofs	14	12	11	21	17
Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem dæmdur er upp án skilorðsrofs	5	6	1	4	7

**Fjöldi skilorðsbundinna refsinga þar sem frestun á fullnustu refsingar er
jafnframt bundin sérstökum skilyrðum og dómþolar eru á aldrinum
15 – 17 ára við uppkvaðningu dóma árin 1995 – 1998**

	<i>Fjöldi dómþola árið 1995</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1996</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1997</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1998</i>
Skilorðsbundin refsivist	0	0	0	7
Skilorðsbundin refsivist + sekt	0	0	0	1
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið	0	0	1	0
Samtals dómþolar:	0	0	1	8

Tafla 2.1

**SKIPTING DÓMPOLA, SEM DÆMDIR HAFI VERIÐ Í ÓSKILORÐS-
BUNDNA REFSIVIST, Í LOK HVERS ÁRS ÁRIN 1994 – 1998**

	1994:		1995:		1996:		1997:		1998:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Í afplánun	107	22,2	94	17,1	100	24,8	88	27,3	94	33,3
Í boðun	208	42,8	194	35,3	67	16,6	55	17,0	33	11,7
Í samfélagsþjónustu ..			13	2,4	6	1,5	7	2,2	20	7,1
Á reynslulausn	158	32,5	233	42,4	211	52,4	164	50,9	128	45,4
Með náðun	8	1,6	9	1,6	10	2,5	8	2,5	2	0,7
Annað*	2	0,4	4	0,7	9	2,2	0	0,0	5	1,8
	483	99,5	549	99,5	403	100,3	322	100,0	282	100,0

* Oftast er um fullnustu erlendis að ræða.

Tafla 2.2

**FJÖLDI FANGA SEM AFPLÁNAR VARAREFSINGU FÉSEKTA OG
SÆTIR GÆSLUVARÐHALDI Í LOK ÁRANNA 1996 – 1998**

	1996: Fjöldi	1997: Fjöldi	1998: Fjöldi
Í vararefsingu fésekta	2	7	2
Í gæsluvarðhaldi	9	19	6

Tafla 3

**a) ALDURSSKIPTING FANGA SEM LUKU AFPLÁNUN EÐA VORU Í
AFPLÁNUN UM ÁRAMÓT ÁRIN 1994 – 1998**

	1994:		1995:		1996:		1997:		1998:	
	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
16-17 ára	4	1,3	8	2,2	5	1,2	2	0,6	3	1,1
18-20 ára	30	9,4	34	9,2	36	8,6	21	6,8	20	7,5
21-25 ára	81	25,5	89	24,0	89	21,3	84	27,0	59	22,0
26-30 ára	61	19,2	63	17,0	70	16,8	57	18,3	47	17,5
31-35 ára	49	15,4	54	14,6	68	16,3	52	16,7	45	16,8
36-40 ára	41	12,9	49	13,2	64	15,3	38	12,2	33	12,3
41-50 ára	40	12,6	49	13,2	54	13,0	35	11,3	41	15,3
51-	12	3,8	24	6,5	31	7,4	22	7,1	20	7,5
	318	100,0	370	100,0	417	100,0	311	100,0	268	100,0

b) ALDURSSKIPTING ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1995 – 1998

	1995:		1996:		1997:		1998:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
16-17 ára	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0
18-20 ára	1	5,0	0	0,0	1	1,8	6	6,6
21-25 ára	4	20,0	10	17,2	13	23,6	22	24,2
26-30 ára	4	20,0	17	29,3	10	18,2	16	17,6
31-35 ára	6	30,0	9	15,5	7	12,7	14	15,4
36-40 ára	2	10,0	7	12,1	6	10,9	9	9,9
41-50 ára	1	5,0	6	10,3	14	25,5	17	18,7
51-	2	10,0	9	15,5	4	7,3	7	7,7
	20	100,0	58	100,0	55	100,0	91	100,0

Tafla 4

a) TILEFNI FANGAVISTAR ÁRIN 1994 – 1998

	1994:		1995:		1996:		1997:		1998:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Manndráp/tilraun til manndráps	12	3,8	9	2,4	6	1,4	7	2,3	10	3,7
Auðgunarbrot/skjalfafals	148	46,7	157	42,7	200	48,0	136	43,7	102	38,1
Umferðarlagabrot/nyttjataka	61	19,2	81	21,9	69	16,5	38	12,2	37	13,8
Fíkniefnabrot	34	10,7	51	13,8	54	13,0	57	18,3	54	20,1
Kynferðisbrot	22	7,0	25	7,0	34	8,2	26	8,4	28	10,4
Ofbeldisbrot	24	7,6	24	6,5	27	6,5	33	10,6	27	10,1
Brenna	1	0,3	0	0,0	1	0,2	1	0,3	1	0,4
Annað	15	4,7	21	5,7	26	6,2	13	4,2	9	3,4
	317	100,0	368	100,0	417	100,0	311	100,0	268	100,0

b) AFBROT ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1995 – 1998

	1995:		1996:		1997:		1998:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Auðgunarbrot/skjalfafals	1	5,0	1	1,7	3	5,5	16	17,6
Umferðarlagabrot/nyttjataka	16	80,0	55	94,9	49	89,1	61	67,0
Fíkniefnabrot	0	0,0	0	0,0	1	1,8	5	5,5
Kynferðisbrot	0	0,0	0	0,0	0	0,0	1	1,1
Ofbeldisbrot	0	0,0	0	0,0	1	1,8	5	5,5
Annað	3	15,0	2	3,4	1	1,8	3	3,3
	20	100,0	58	100,0	55	100,0	91	100,0

Tafla 5

**FJÖLDI ÓSKILORÐSBUNDINNA FANGELSI- OG VARDHALDS-
REFSINGA, SEM BARST TIL FULLNUSTU MIÐAÐ VIÐ
LENGD REFSITÍMA ÁRIN 1994 – 1998**

	1994:		1995:		1996:		1997:		1998:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
30 dagar og styttra	95	21,2	93	24,6	74	20,6	73	24,3	68	22,3
Yfir 30 dagar t.o.m. 3 mánuðir .	169	37,6	135	35,7	132	36,7	93	30,9	121	39,7
Yfir 3 mán. t.o.m. 6 mánuðir . .	72	16,0	63	16,7	67	18,6	45	15,0	43	14,1
Yfir 6 mán. t.o.m. 12 mánuðir .	70	15,6	52	13,8	43	11,9	49	16,3	37	12,1
Yfir 12 mán. t.o.m. 36 mánuðir .	40	8,9	33	8,7	40	11,1	29	9,6	26	8,5
Yfir 36 mánuðir	3	0,7	2	0,5	4	1,1	12	4,0	10	3,3
Fjöldi refsinga:	449		378		360		301		305	
Heildarrefsitími:	217 ár		169 ár		189 ár		208 ár		191 ár	
	og		og		og		og		og	
	6 mán.		8 mán.		8 mán.		1 mán.		7 mán.	

Tafla 6

**a) FJÖLDI DÓMÞOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSPJÓNUSTU
INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1995 – 1998***

	1995:	1996:	1997:	1998:
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Veitt samfélagsþjónusta	20	45	49	84
Dagafjöldi refsinga að baki veittri samfélagsþjónustu.	905	1.950	2.310	4.710
Meðaltal	45,3	43,3	47,1	56,1

**b) KYNJASKIPTING DÓMÞOLA SEM HÓF SAMFÉLAGSPJÓNUSTU
INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1995 – 1998***

	1995:		1996:		1997:		1998:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Karlar	18	90,0	43	96,0	46	95,1	73	86,9
Konur	2	10,0	2	4,0	3	4,9	11	13,1
	20	100,0	45	100,0	49	100,0	84	100,0

* Lög um samfélagsþjónustu tóku gildi 1. júlí 1995

Tafla 7

FANGAR SEM LUKU AFPLÁNUN ÁRIN 1994 – 1998

a) Ástæða losunar

Fangar:	1994:		1995:		1996:		1997:		1998:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Afplánað að fullu	96	45,9	115	42,0	153	48,3	87	39,0	71	40,8
Veitt reynslulausn	112	53,6	157	57,3	162	51,1	134	60,1	99	56,9
Veitt náðun	0	0,0	0	0,0	1	0,3	0	0,0	0	0,0
Frestun á afplánun	1	0,5	2	0,7	1	0,3	1	0,4	0	0,0
Andlát	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	3	1,7
Fullnusta flutt erlendis	0	0,0	0	0,0	0	0,0	1	0,4	1	0,6
	209	100,0	274	100,0	317	100,0	223	100,0	174	100,0

b) Fyrsta afplánun eða afplánað áður

Fangar:	1994:		1995:		1996:		1997:		1998:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Fyrsta afplánun	128	61,2	158	57,7	196	61,8	105	47,1	84	48,3
Afplánað áður	81	38,8	116*	42,3	121*	38,2	118*	52,9	90	51,7
	209	100,0	274	100,0	317	100,0	223	100,0	174	100,0

* Viðmiðunartími nær aðeins til ársins 1989

c) Lengd afplánunar

Fangar:	1994:		1995:		1996:		1997:		1998:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Eitt ár eða skemur	186	89,0	248	90,5	286	90,2	189	84,8	154	88,5
Lengur en eitt ár	23	11,0	26	9,5	31	9,8	34	15,2	20	11,5
	209	100,0	274	100,0	317	100,0	223	100,0	174	100,0

d) Skipting eftir kynjum

Fangar:	1994:		1995:		1996:		1997:		1998:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Karlar	198	94,7	257	93,8	300	94,6	213	95,5	160	92,0
Konur	11	5,3	17	6,2	17	5,4	10	4,5	14	8,0
	209	100,0	274	100,0	317	100,0	223	100,0	174	100,0

Tafla 8

DAGAFJÖLDI VEGNA AFPLÁNUNAR ÁRIN 1994 – 1998 ÁSAMT DAGAFJÖLDA VEGNA GÆSLUVARÐHALDS OG VARAREFSINGA. NÝTING ÁRIN 1996 – 1998

a) Fjöldi afplánunardaga	1994:	1995:	1996:	1997:	1998:
	Fjöldi í dögum	Fjöldi í dögum	Fjöldi í dögum	Fjöldi í dögum	Fjöldi í dögum
Hegningarhúsið	7403	8053	5210	2791	2993
Fangelsið Litla-Hrauni	18559	18345	25675	23048	20333
Fangelsið Kvíabryggju	4370	5000	5058	4867	4546
Fangelsið Akureyri	2762	3323	3315	1442	2030
Fangelsið Kópavogsbraut 17	4216	4206	3937	2984	3326
Áfengis- og fíkniefnameðferð	549	918	1249	1156	527
Vernd	0	1352	3467	2858	2474
Sjúkrahús og aðrar stofnanir	117	48	342	212	522
Heildarfjöldi afplánunardaga	37976	41245	48253	39358	36751

	1994:	1995:	1996:	1997:	1998:
Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga á dag í öllum fangelsum	102,2	106,6	118,0	96,3	91,0
Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga í öllum fangelsum á dag á hverja 100.000 íbúa	38,3	39,8	43,7	35,4	33,1
Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga í meðferð á dag	1,5	2,5	3,4	3,2	1,4
Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga hjá Vernd á dag	0,0	3,7	9,5	7,8	6,8
Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum á dag	0,3	0,1	0,9	0,6	1,4
Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga samtals á dag	104,0	112,9	131,8	107,8	100,7
Meðaltalsfjöldi allra afplánunarfanga á dag á hverja 100.000 íbúa	39,1	42,3	48,9	39,6	36,6

b) Fjöldi gæsluvarðhaldsdaga	1996:	1997:	1998:
	Fjöldi í dögum	Fjöldi í dögum	Fjöldi í dögum
Hegningarhúsið	1319	1143	414
Fangelsið Litla-Hrauni	811	2674	3150
Fangelsið Akureyri	60	176	2
Fangelsið Kópavogsbraut 17	99	555	132
Sjúkrahús og aðrar stofnanir	45	94	5
Heildarfjöldi gæsluvarðhaldsdaga	2334	4642	3703

	1996:	1997:	1998:
Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga á dag í öllum fangelsum	6,3	12,5	10,1
Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga í öllum fangelsum á dag per 100.000 íbúa	2,4	4,6	3,7
Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga í meðferð á dag	0,1	0,0	0,0
Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum á dag	0,1	0,3	0,0
Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga samtals á dag	6,4	12,7	10,1
Meðaltalsfjöldi allra gæsluvarðhaldsfanga á dag á hverja 100.000 íbúa .	2,4	4,7	3,7

c) Fjöldi daga í vararefsingu féseкта	<i>1996:</i>	<i>1997:</i>	<i>1998:</i>
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
	<i>í dögum</i>	<i>í dögum</i>	<i>í dögum</i>
Hegningarhúsið	40	283	875
Fangelsið Litla-Hrauni	0	424	1507
Fangelsið Akureyri	48	153	453
Fangelsið Kópavogsbraut 17	31	317	342
Vernd	0	0	116
Sjúkrahús og aðrar stofnanir	0	0	12
Heildarfjöldi vararefsingardaga	119	1177	3305
	<i>1996:</i>	<i>1997:</i>	<i>1998:</i>
Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag í öllum fangelsum	0,3	3,2	8,7
Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, í öllum fangelsum á dag á hverja 100.000 íbúa	0,1	1,2	3,2
Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag, hjá Vernd	0,0	0,0	0,3
Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, samtals á dag ..	0,3	3,2	9,1
Meðaltalsfjöldi allra fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag á hverja 100.000 íbúa	0,1	1,2	3,3

d) Meðaltalsfjöldi allra fanga á dag

	<i>1996:</i>	<i>1997:</i>	<i>1998:</i>
Í öllum fangelsum	124,6	111,9	109,9
Meðaltalsfjöldi allra fanga í öllum fangelsum á hverja 100.000 íbúa ..	46,2	41,1	39,9
Í meðferð	3,4	3,2	1,4
Hjá Vernd	9,5	7,8	7,1
Á sjúkrahúsum/öðrum stofnunum	1,0	0,8	1,5
Meðaltalsfjöldi allra fanga	138,5	123,7	119,9
Meðaltalsfjöldi allra fanga samtals á dag á hverja 100.000 íbúa	51,3	45,5	43,6

e) Nýting

	<i>1996:</i>	<i>1997:</i>	<i>1998:</i>
	<i>%</i>	<i>%</i>	<i>%</i>
Hegningarhúsið	112,2	72,2	73,3
Fangelsið Litla-Hrauni	85,6	82,3	78,7
Fangelsið Kvíabryggju	98,7	95,2	89,0
Fangelsið Akureyri	103,9	53,9	75,6
Fangelsið Kópavogsbraut 17	92,6	88,0	86,9

Tafla 9**NIÐURFALLIN REFSIVIST ÁRIN 1994 – 1998**

	1994:		1995:		1996:		1997:		1998:	
	Fjöldi dóma:	Dagar alls:	Fjöldi dóma:	Dagar alls:	Fjöldi dóma:	Dagar alls:	Fjöldi dóma:	Dagar alls:	Fjöldi dóma:	Dagar alls:
Reynslulausn	100	11185	95	10150	213	21662	209	24780	144	18435
Eftirstöðvar reynslulausnar dæmdar upp ...	47	4280	55	3361	61	5601	75	5338	36	3164
Náðun	5	542	4	585	5	1355	5	755	7	932
Fyrning	2	60	0	0	3	360	2	69	2	736
Andlát dómþola	3	470	3	270	4	465	6	270	9	1948
Samtals:	157	16537	157	14366	286	29443	297	31212	198	25215

Tafla 10**VEITING REYNSLULAUSNA ÁRIN 1994 – 1998**

	1994:		1995:		1996:		1997:		1998:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Veittar reynslulausnir á 1/2	71	62,9	98	61,3	96	58,2	59	43,4	51	51,0
Veittar reynslulausnir á 2/3	42	37,1	62	38,8	69	41,8	77	56,6	49	49,0
Veittar reynslulausnir alls:	113	100,0	160	100,0	165	100,0	136	100,0	100	100,0
					1994:	1995:	1996:	1997:	1998:	
Eftirstöðvar refsinga sem reynslulausnir voru veittar af, í dögum					19347	27081	25191	21964	16869	
Meðaltalseftirstöðvar í dögum					171,2	169,3	152,7	161,5	168,7	

Tafla 11

**SKILORÐSBUNÐNIR DÓMAR ÁRIN 1995 – 1998
FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM**

Tegund brots:	Fjöldi dómþola		Fjöldi dómþola		Fjöldi dómþola		Fjöldi dómþola	
	árið 1995	%	árið 1996	%	árið 1997	%	árið 1998	%
Auðgunarbrot/skjalafals	215	57,6	179	48,9	188	47,5	248	51,1
Umferðarlagabrot/nyttjataka	37	9,9	48	13,1	50	12,6	38	7,8
Fíkniefnabrot	10	2,7	17	4,6	19	4,8	20	4,1
Kynferðisbrot	6	1,6	14	3,8	10	2,5	10	2,1
Ofbeldisbrot	66	17,7	65	17,8	76	19,2	123	25,4
Rangur framburður/ rangar sakargiftir	6	1,6	8	2,2	4	1,0	4	0,8
Ofbeldi gegn opinberum starfsmönnum	0	0,0	3	0,8	4	1,0	2	0,4
Manndráp eða líkams- meiðingar af gáleysi	6	1,6	5	1,4	1	0,3	10	2,1
Áfengis- og tollalög	3	0,8	1	0,3	4	1,0	0	0,0
Brenna	0	0,0	1	0,3	0	0,0	0	0,0
Annað	24	6,4	25	6,8	40	10,1	30	6,2
	373	100,0	366	100,0	396	100,0	485	100,0

Tafla 12

**SEKTARDÓMAR ÁRIN 1995 – 1998
FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM**

Tegund brots:	Fjöldi dómþola		Fjöldi dómþola		Fjöldi dómþola		Fjöldi dómþola	
	árið 1995	%	árið 1996	%	árið 1997	%	árið 1997	%
Auðgunarbrot/skjalafals	15	2,7	8	1,7	2	0,5	10	1,6
Umferðarlagabrot/nyttjataka	403	72,7	318	65,8	326	73,9	461	73,5
Fíkniefnabrot	40	7,2	38	7,9	38	8,6	43	6,9
Kynferðisbrot	1	0,2	1	0,2	0	0,0	3	0,5
Ofbeldisbrot	22	4,0	17	3,5	16	3,6	32	5,1
Rangur framburður/ rangar sakargiftir	0	0,0	4	0,8	1	0,2	2	0,3
Ofbeldi gegn opinberum starfsmönnum	1	0,2	2	0,4	1	0,2	0	0,0
Manndráp eða líkams- meiðingar af gáleysi	7	1,3	10	2,1	7	1,6	4	0,6
Áfengis- og tollalög	28	5,1	25	5,2	9	2,0	19	3,0
Fiskveiðibrot	1	0,2	2	0,4	1	0,2	1	0,2
Annað	36	6,5	58	12,0	40	9,1	52	8,3

III. 4. FÉSEKTIR OG SAKARKOSTNAÐUR SAMKVÆMT DÓMUM - VIÐURLAGAÁKVARÐANIR – ÁRITUÐ SEKTARBOÐ

A. Fésektir samkvæmt dómum

Á árinu bárust Fangelsismálastofnun til fullnustu 691 sektarrefsing, þar sem dómþolar voru dæmdir til greiðslu fésektar, samtals kr. 69.409.500 kr. Stofnunin framsendir viðkomandi sýslumönnum ásamt lögreglustjóranum í Reykjavík sektardóma til fullnustu. Samanlögð fjárhæð sekta sem stofnunin framsendi þannig á árinu 1998 nam kr. 61.995.500. Þá voru dóms- og kirkjumálaráðuneyti sendar sektir að fjárhæð kr. 210.000, með beiðni um fullnustu á Norðurlöndum. Heildarfjárhæð sekta sem sendar voru til fullnustu á árinu nam því kr. 62.205.500.

Í lok ársins voru útistandandi sektarinnheimtur samtals að fjárhæð kr. 326.943.450 samkvæmt 1.976 dómum. Rúmlega 57% allra dómanna voru til fullnustu hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík en afgangurinn skiptist á milli hinna ýmsu sýslumannsembætta.

Í árslok 1997 voru útistandandi sektarinnheimtur samtals að fjárhæð kr. 330.156.213 samkvæmt 2.196 dómum.

Í árslok 1996 voru útistandandi sektarinnheimtur samtals að fjárhæð kr. 240.575.213 samkvæmt 2.039 dómum.

Í árslok 1995 voru útistandandi sektarinnheimtur samtals að fjárhæð kr. 184.561.513 samkvæmt 1.812 dómum.

B. Sakarkostnaður samkvæmt dómum

Á árinu fól stofnunin lögreglustjóranum í Reykjavík og sýslumönnum að innheimta sakarkostnað að fjárhæð kr. 80.496.110.

Sakarkostnaður að fjárhæð kr. 67.054 var sendur dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með beiðni um innheimtu á Norðurlöndum. Heildarsakarkostnaður sem sendur var til innheimtu á árinu 1998 nam kr. 80.563.164.

Sektir og sakarkostnaður samkvæmt dómum sem stofnunin sendi til fullnustu og innheimtu á árinu 1998 námu alls kr. 142.768.664.

C. Viðurlagaákvörðanir

Á árinu bárust Fangelsismálastofnun 568 sektarrefsingar samkvæmt viðurlagaákvörðunum, ein viðurlagaákvörðun, þar sem ekki var gerð refsing og ein viðurlagaákvörðun, þar sem fallið var frá saksókn. Námu fjárhæðir sektarrefsinga samtals kr. 43.306.924. Stofnunin framsendir viðkomandi sýslumönnum ásamt lögreglustjóranum í Reykjavík viðurlagaákvörðanir til fullnustu. Samanlögð fjárhæð sekta sem stofnunin framsendi þannig á árinu 1998 nam kr. 41.291.000 og fjárhæð sakarkostnaðar til innheimtu samkvæmt viðurlagaákvörðunum þessum nam kr. 5.043.498.

Sektir og sakarkostnaður samkvæmt viðurlagaákvörðunum sem stofnunin sendi til fullnustu og innheimtu á árinu 1998 námu alls kr. 46.334.498, sbr. eftirfarandi lista þar um:

Embætti	Fjöldi	Heildarfjárhæð sekta	Heildarfjárhæð sakarkostnaðar
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1	12.000 kr.	12.450 kr.
Lögreglustjórinn í Reykjavík	304	23.130.000 kr.	3.140.333 kr.
Sýslumaðurinn á Akranesi	5	298.000 kr.	18.452 kr.
Sýslumaðurinn á Akureyri	27	1.350.000 kr.	138.514 kr.
Sýslumaðurinn á Blönduósi	3	715.000 kr.	0 kr.
Sýslumaðurinn á Eskifirði	2	45.000 kr.	37.350 kr.
Sýslumaðurinn á Húsavík	7	350.000 kr.	7.174 kr.
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	2	215.000 kr.	62.450 kr.
Sýslumaðurinn á Höfn	1	100.000 kr.	7.174 kr.
Sýslumaðurinn á Ísafirði	5	319.000 kr.	50.371 kr.
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	3	256.000 kr.	22.900 kr.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	2	800.000 kr.	24.900 kr.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	1	90.000 kr.	9.418 kr.
Sýslumaðurinn á Selfossi	21	1.322.000 kr.	183.345 kr.
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	4	315.000 kr.	65.862 kr.
Sýslumaðurinn á Siglufirði	3	185.000 kr.	52.658 kr.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	6	1.887.000 kr.	46.561 kr.
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	44	3.758.000 kr.	473.615 kr.
Sýslumaðurinn í Keflavík	46	3.022.500 kr.	247.360 kr.
Sýslumaðurinn í Kópavogi	38	2.576.000 kr.	376.292 kr.
Sýslumaðurinn í Neskaupstað	2	72.500 kr.	47.350 kr.
Sýslumaðurinn í Ólafsfirði	1	17.000 kr.	0 kr.
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	7	351.000 kr.	14.450 kr.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	2	105.000 kr.	4.519 kr.
Samtals	537	41.291.000 kr.	5.043.498 kr.

D. Árituð sektarboð

Á árinu, frá 7. október til 31. desember, bárust Fangelsismálastofnun 1.753 sektarrefsingar samkvæmt sektarboðum, árituðum í dómstólum til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Nam fjárhæð sektarrefsinga þessara samtals kr. 13.764.000. Stofnunin framsendir viðkomandi sýslumönnum ásamt lögreglustjóranum í Reykjavík áritanir þessar til birtingar og fullnustu. Samanlögð fjárhæð sekta sem stofnunin framsendi þannig á árinu 1998 nam kr. 5.143.000, sbr. eftirfarandi lista þar um:

Embætti	Fjöldi	Fjárhæð sekta
Lögreglustjórinn í Reykjavík	266	2.175.000 kr.
Sýslumaðurinn á Akranesi	6	43.000 kr.
Sýslumaðurinn á Akureyri	4	31.000 kr.
Sýslumaðurinn á Blönduósi	1	2.000 kr.
Sýslumaðurinn á Eskifirði	1	6.000 kr.
Sýslumaðurinn á Hólmanvík	1	7.000 kr.
Sýslumaðurinn á Húsavík	1	10.000 kr.
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	5	43.000 kr.
Sýslumaðurinn á Höfn	3	34.000 kr.
Sýslumaðurinn á Ísafirði	3	21.000 kr.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	1	2.000 kr.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	3	24.000 kr.
Sýslumaðurinn á Selfossi	78	580.000 kr.
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	1	10.000 kr.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	6	29.000 kr.
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	57	492.000 kr.
Sýslumaðurinn í Keflavík	130	1.036.000 kr.
Sýslumaðurinn í Kópavogi	65	524.000 kr.
Sýslumaðurinn í Neskaupstað	1	6.000 kr.
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	3	16.000 kr.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	3	32.000 kr.
Sýslumaðurinn í Vík	2	20.000 kr.
Samtals	641	5.143.000 kr.


IV. ÁKÆRUFRESTANIR

Á árinu 1998 birti Fangelsismálastofnun 139 einstaklingum skilorðsbundna frestun ákæru. Sem fyrr er hér eingöngu um að ræða einstaklinga sem búsettir eru á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Sérstakur fulltrúi er starfandi hjá Fangelsismálastofnun og hefur hann umsjón og eftirlit með ungmennum þessum. Aðstæður þeirra eru metnar, gjarnan í samráði við foreldra, og reynt er að beina þeim á rétta braut á skilorðstímanum, sem yfirleitt er 2 ár. Athuganir Fangelsismálastofnunar sýna að u.þ.b. 70% þessara ungmenna eru ekki með skráð brot á hegningarlögum á skilorðstímanum.


Súluritinn hér að neðan sýna m.a. að ákærufrestunum hefur fjölgað verulega á síðustu tveimur árum. Athyglisvert er hvað stúlkum hefur fjölgað mikið í þessum hópi. Á árinu 1998 voru þær 37 eða tæplega 27% af öllum hópnum. Þá er einnig athyglisvert að sjá að hlutfall þeirra, sem frestað er ákæru gegn, sem eru í skóla minnkar stöðugt frá árinu 1995 en hlutfall þeirra sem eru í vinnu stækkar.

Af töflu 13 má meðal annars sjá að u.þ.b. fjórða hver stúlka sem frestað var ákæru gegn hafði gerst sek um líkamsárás.


Fjöldi ákærufrestana árin 1989 – 1998



Kyn ákærufræstunarpóla árin 1989 – 1998



Nám og starf þeirra sem frestað hefur verið ákæru gegn árin 1994 – 1998 í prósentum talið



Tafla 13**AFBROT**

	<i>Fjöldi píla</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi stúlkna</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi alls</i>	<i>%</i>
Innbrot og þjófnaður	56	54,90	12	32,43	68	48,92
Skjalafals	8	7,84	9	24,32	17	12,23
Fjársvik/fjárdráttur	1	0,98	2	5,41	3	2,16
Líkamsárás	12	11,76	9	24,32	21	15,11
Skemmdarverk	1	0,98	0	0,00	1	0,72
Nytjastuldir	16	15,69	4	10,81	20	14,39
Annað	8	7,84	1	2,70	9	6,47
	102	100,00	37	100,00	139	100,00

Tafla 14**NÁM OG STARF**

	<i>Fjöldi píla</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi stúlkna</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi alls</i>	<i>%</i>
Atvinnulaus	7	6,86	10	27,03	17	12,23
Í skóla	40	39,22	6	16,22	46	33,09
Í vinnu	51	50,00	17	45,95	68	48,92
Óvinnufær	1	0,98	4	10,81	5	3,60
Vantar upplýsingar	3	2,94	0	0,00	3	2,16
	102	100,00	37	100,00	139	100,00

Tafla 15**ALDUR**

	<i>Fjöldi píla</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi stúlkna</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi alls</i>	<i>%</i>
15 ára	18	17,65	5	13,51	23	16,55
16 ára	31	30,39	10	27,03	41	29,50
17 ára	23	22,55	7	18,92	30	21,58
18 ára	11	10,78	3	8,11	14	10,07
19 ára	14	13,73	6	16,22	20	14,39
20 ára	4	3,92	4	10,81	8	5,76
21 árs	1	0,98	0	0,00	1	0,72
24 ára	0	0,00	1	2,70	1	0,72
45 ára	0	0,00	1	2,70	1	0,72
	102	100,00	37	100,00	139	100,00

Tafla 16**BÚSETA**

	<i>Fjöldi píltla</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi stúlkna</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi alls</i>	<i>%</i>
Reykjavík	61	59,80	30	81,08	91	65,47
Nágrannabær	41	40,20	7	18,92	48	34,53
	102	100,00	37	100,00	139	100,00

Tafla 17**MENNTUN**

	<i>Fjöldi píltla</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi stúlkna</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi alls</i>	<i>%</i>
Annað nám	20	19,61	8	21,62	28	20,14
Ekki lokið skyldunámi	4	3,92	3	8,11	7	5,04
Er í skyldunámi	19	18,63	2	5,41	21	15,11
Skyldunám	54	52,94	23	62,16	77	55,40
Vantar upplýsingar	1	0,98	0	0,00	1	0,72
Verkmenntun	4	3,92	1	2,70	5	3,60
	102	100,00	37	100,00	139	100,00

Tafla 18**HJÚSKAPARSTAÐA FORELDRA**

	<i>Fjöldi píltla</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi stúlkna</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi alls</i>	<i>%</i>
Annað foreldri látið	7	6,86	4	10,81	11	7,91
Foreldrar ekki í sambúð	32	31,37	16	43,24	48	34,53
Foreldrar í sambúð	62	60,78	16	43,24	78	56,12
Vantar upplýsingar	1	0,98	1	2,70	2	1,44
	102	100,00	37	100,00	139	100,00

V. SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Sálfræðiþjónusta Fangelsismálastofnunar var með nokkuð hefðbundnum hætti á árinu. Sálfræðingur stofnunarinnar átti samtals 374 viðtöl við skjólstæðinga og fór 82 sinnum í heimsókn í fangelsin. Flestar heimsóknir voru í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, eða 28 talsins, en næst í röðinni komu Fangelsið Litla-Hraun með 19 heimsóknir og Fangelsið Akureyri með 18 heimsóknir. Fjögur af hverjum tíu viðtölum sálfræðingsins fóru fram á skrifstofu stofnunarinnar, enda hefur þjónusta við þá sem lokið hafa afplánun, svo og aðstandendur skjólstæðinga stofnunarinnar, aukist nokkuð á síðustu árum, einkum þó eftir að ráðinn var sálfræðingur við Fangelsið Litla-Hraun.

Sálfræðingsskipti voru í Fangelsinu Litla-Hrauni á árinu 1998. Sálfræðingur fangelsisins lét af störfum í lok mars og tókst ekki að ráða annan sálfræðing fyrr en í lok ágúst. Mikil bót er að því að hafa sálfræðing í fullu starfi við fangelsið og sýnir eftirspurn eftir aðstoð hans þörfina fyrir slíka þjónustu. Á árinu áttu sálfræðingar fangelsisins og Fangelsismálastofnunar samtals 363 viðtöl við fanga á Litla-Hrauni.

Nánari upplýsingar um sálfræðiþjónustu Fangelsismálastofnunar má fá í fyrri árs-skýrslum stofnunarinnar.

VI. RANNSÓKNIR

ÍTREKANIR UNGLINGA SEM FÁ SKILORÐSBUNDNA ÁKÆRUFRESTUN

SAMANBURÐUR Á HUGRÆNUM- OG PERSÓNULEIKAÆINKENNUM ÞEIRRA SEM HÆTTA AÐ FREMJA AFBROT OG ÞEIM SEM HALDA ÞVÍ ÁFRAM

Þessi grein er að stórum hluta til útdráttur úr grein Jóns Friðriks Sigurðssonar, Gísla H. Guðjónssonar og Maríusar Peersen, *Differences in the cognitive ability and personality of desisters and re-offenders: A prospective study among juveniles.*

Dr. Jón Friðrik Sigurðsson, sálfræðingur

Inngangur

Þegar unglingur fremur afbrot í fyrsta skipti og um „minniháttar afbrot“ er að ræða er saksóknara heimilt að fresta ákæru gegn honum samkvæmt 56. grein almennra hegningarlaga (Almenn hegningarlög, 1998). Heimildin tekur til unglunga á aldrinum 15-21 árs og annarra sakborninga, ef högum þeirra er þannig háttað að umsjón eða aðrar ráðstafanir (sem taldar eru upp í 3. málsgrein 57. greinar laganna) eru taldar vænlegri til árangurs en refsing, „enda sé broti ekki svo varið, að almannahagsmunir krefjist saksóknar“.

Þegar þessu úrræði er beitt verða skilyrði málshöfðunar hins vegar að vera fyrir hendi, þ.e. málið verður að vera upplýst og játning verður að liggja fyrir. Saksóknari frestar ákæru um tiltekinn tíma, í eitt til fimm ár, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hið almenna skilyrði er að unglingurinn gerist ekki sekur um nýtt afbrot á skilorðstímanum, en ef það gerist er hægt að taka mál hans upp að nýju. Ekki er vitað til þess að slíkt hafi verið gert. Þá er einnig hægt að binda ákærufrestun sérstökum skilyrðum, sem talin eru upp í 57. grein hegningarlaganna (Almenn hegningarlög, 1998), s.s. að unglingurinn hlíti fyrir-mælum tilsjónarmanns á skilorðstímanum, að hann neyti hvorki áfengis- né deyfilyfja á skilorðstímanum, o.fl. Rjúfi unglingurinn þessi sérskilyrði má taka mál hans upp að nýju, en haldi hann þau fellur saksókn niður.

Í 57. grein hegningarlaganna (Almenn hegningarlög, 1998) er lögð á það áhersla, þegar ákæru er frestað gegn unglingi, að honum séu kynnt „rækilega“ þau skilyrði sem bundin eru ákærufrestuninni og að brýnt sé fyrir honum hvaða afleiðingar skilorðsrof getur haft fyrir hann. Á höfuðborgarsvæðinu hefur það komið í hlut Fangelsismálastofnunar að birta unglingi ákærufrestunina en á landsbyggðinni hefur það verið hlutverk lögreglustjóra á hverjum stað. Hjá Fangelsismálastofnun hefur verið kappkostað að kynna unglingunum og aðstandendum þeirra mjög vandega hvað ákærufrestun þýðir, hver staða þeirra er og hvaða afleiðingar skilorðsrof getur haft í för með sér. Skilorðsfulltrúi stofnunarinnar hefur reglubundið eftirlit með unglingunum og veitir þeim ýmis konar ráðgjöf og stuðning. Algengt er að foreldri eða annað skyldmenni mæti með unglingi í fyrsta viðtal og haldi jafnvel sambandi við skilorðsfulltrúa á skilorðstímanum. Þá er þeim boðin sálfræðileg aðstoð þegar við á.

Á síðustu tíu árum hafa allt frá 51 til 139 unglingar á höfuðborgarsvæðinu fengið ákærufrestun ár hvert. Drengir hafa verið þar í miklum meirihluta eða frá 75% til 91%. Á síðustu árum hefur hlutur stúlkna verið frá 12% til 14%. Skilorðstíminn er yfirleitt eitt til tvö ár og langoftast er um auðgunarafbrot að ræða, þótt ákærufrestunum fyrir líkamsárásir og skemmdarverk hafi fjölgað síðustu ár.

Margt ungt fólk fremur afbrot einhvern tímann í uppveixinum og er oft litið á slíkt sem eðlilegan hluta þroskaferilsins (Junger-Tas, Terluw og Klein, 1994; Moffitt, 1994). Bandaríski sálfræðingurinn Terrie E. Moffitt (1993) telur að skipta megi unglingum sem fremja afbrot í tvo aðskilda hópa og að skýra megi afbrotahæðun þeirra á mismunandi hátt. Stærri hópurinn eru þeir sem brjóta af sér tímabundið og undir sérstökum kringumstæðum og halda í fæstum tilvikum áfram á afbrotabraut. Þetta eru langoftast heilbrigðir unglingar sem geta aðlagð sig breyttum aðstæðum (tengslalíkum) í umhverfi sínu. Með auknum þroska gera þeir sér betur grein fyrir afleiðingum þess að halda áfram að brjóta af sér. Mun minni hópur unglinga sýnir hins vegar stöðuga og samfellda afbrotahæðun fram á fullorðinsár. Þessum einstaklingum tekst ekki að bregðast skynsamlega við breyttum aðstæðum í lífi sínu, m.a. vegna ýmiskonar truflana í starfsemi taugakerfisins. Hér á Moffitt við sálrænar takmarkanir eins og lélega sjálfsstjórn, hvatvísi, vanhæfni til þess að standast freistingar og skort á hugrænum eiginleikum eða greind.

Í rannsókninni sem hér verður lýst var kannaður munur á hugrænum- og persónuleika-einkennum á milli þessara tveggja hópa afbrotanglinga sem Moffitt (1993) lýsir, þ.e. þeirra sem hætta að brjóta af sér og hinna sem halda því áfram, með því að nota tölfræðilega aðferð sem nefnd er „discriminative analysis“. Gert var ráð fyrir því að unglingarnir sem hættu afbrotum hefðu hugræna yfirburði yfir þá sem héldu áfram að brjóta af sér og einnig að þeir væru félagsmótaðri, en þessir eiginleikar eru gjarnan taldir sporna við því að unglingar haldi áfram að brjóta af sér.

Settar hafa verið fram kenningar um hlut persónuleikaeinkenna í afbrotahæðun og fyrir þá sem hafa áhuga á fræðilegri umfjöllum um niðurstöður þessarar rannsóknar er bent á grein Jóns Friðriks, Gísla og Mariusar. Einnig er vert að benda á bókarkafla, Crime and personality, eftir Gísla H. Guðjónsson (1997a), um skýringar breska sálfræðingsins Eysencks á tengslum persónuleika og afbrotahæðunar í bókinni *The scientific study of human nature, tribute to Hans J. Eysenck at eighty*, sem ritstýrt var af danska sálfræðingnum Helmuth Nyborg og gefin var út af Pergamon í Englandi.

Samkvæmt kenningu breska sálfræðingsins Eysencks ráða persónuleikahættir fólks nokkru um afbrotahæð þess, einkum þó úthverfa (E; *Extraversion*), tilfinninganæmi (N; *Neuroticism*) og harðlyndi (P; *Psychoticism*) (Eysenck, 1996). Af þessum þremur þáttum er harðlyndi (P) talið hafa mesta forspárgildi um afbrotahæðun, einkum síbrotahæðun (Gísli H. Guðjónsson, 1997a). Í ljósi kenningar Eysencks var gengið út frá því að einkunnir á P, E og N kvörðum persónuleikaprófs hans yrðu marktækt lægri á meðal þeirra sem hættu að brjóta af sér en þeirra sem héldu því áfram.

Annar mikilvægur mælikvarði á persónuleika, sem tengist afbrotahæðun, er Félagsmótunarpróf Gough (Gough, 1960), sem hefur sýnt sig að greina marktækt á milli afbrotahópa og annarra einstaklinga (Megargee, 1972; Schalling, 1978; Gísli H. Guðjónsson, Hannes Pétursson, Heiðdís Sigurðardóttir og Sigurgísli Skúlason, 1991) og er álitid vera mjög góður mælikvarði á persónuleikatrufun (Schalling, 1978; Hare og Cox, 1978;

Gísli H. Guðjónsson og Roberts, 1985; Blackburn, 1993). Gert var ráð fyrir því að unglingar sem hættu að brjóta af sér fengju hærri félagsmótunareinkunnir en þeir sem héldu afbrotum áfram, vegna þess að félagsmótun verkar sem verndandi þáttur gegn endurtekinni afbrotahegðun.

Sefnæmi og undanlátssemi eru persónuleikaeinkenni sem rannsökuð hafa verið í tengslum við umdeildar játningar fólks á afbrotum (Gísli H. Guðjónsson, 1992) og sefnæmispróf og undanlátssemipróf Gísla H. Guðjónssonar (Gísli H. Guðjónsson, 1984, 1987) voru hönnuð til þess að meta hæfni fólks til að takast á við yfirheyrslur hjá lögreglu. Kenningalegur grundvöllur undanlátssemiprófsins er nátengdur verkum bandaríska sálfræðingsins Milgram (1974) um hlýðni, en hann skilgreindi hlýðni sem athöfn einstaklings sem lætur undan þrýstingi yfirvalds („*who complies with authority*“; Milgram, 1974, bls. 113). Í samræmi við verk Milgrams setti Gísli (Gísli H. Guðjónsson, 1989) fram þá kenningu að undanlátssemi væri samsett úr tveimur meginþáttum: löngun til að þóknast öðrum og tilhneigingu til að forðast deilur og að standa augliti til auglitis við deiluaðila.

Í þessari rannsókn var gert ráð fyrir því að unglingarnir sem hættu að fremja afbrot myndu fá hærri einkunn á undanlátssemiprófinu en hinir, vegna þess að meiri löngun þeirra til að þóknast yfirvaldi og forðast deilur við það eða að standa augliti til auglitis við það, verndar þá frá því að halda áfram í afbrotum. Líklega er þetta háð sérstakri tegund náms sem nefnd hefur verið „óvirkt forðunarnám“ (*‘passive avoidance learning’*) og virðist tengjast félagslegri hegðun (Lykken, 1957; Trasler, 1978; Lynam, 1996). Nám þetta snertir vísbendingar í umhverfinu, tengdar refsingu eða missi réttinda, sem auka skilyrtan kvíða, en úr honum dregur aftur þegar hegðun er breytt í samræmi við áður-nefndar vísbendingar (Gísli H. Guðjónsson, 1997a).

Sýnt hefur verið fram á að greind virkar sem verndandi þáttur gegn afbrotahegðun á meðal einstaklinga í áhættuhópum (Kendel og fleiri, 1988) og getur það m.a. tengt styrkjandi áhrifum námsárangurs á meðal greindra barna. Fyrir utan persónuleika og greind eru fjölmargir aðrir þættir sem hafa forspárgildi um afbrotahegðun fólks, s.s. afbrot innan fjölskyldu, slæmar uppeldisaðferðir, andfélagsleg hegðun í æsku, ofvirkni, hvatvísi og athyglisbrestur (Farrington, 1989).

Þessi eftirfylgnirannsókn á íslenskum afbrotaunglingum er tilraun til að finna persónuleika- og hugræna þætti, sem eru að sporna gegn endurtekinni afbrotahegðun unglinga. Þetta er gert með því að líta á mismun í persónuleika og á hugrænum eiginleikum á milli unglinga sem hættu að brjóta af sér eftir að hafa fengið skilorðsbundna ákærufrestun fyrir minniháttar afbrot og þeirra sem ekki hættu því. Gert var ráð fyrir því að unglingar sem ekki hefðu fengið skilorðsbundinn eða óskilorðsbundinn dóm fimm árum eftir að þeir fengu skilorðsbundna ákærufrestun væru félagsmótaðri, undanlátssamari og greindari en hinir.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru 108 unglingar, 94 (87%) drengir og 14 (13%) stúlkur, sem fengið höfðu skilorðsbundna ákærufrestun fyrir minniháttar afbrot, þar af 104 (96%) fyrir auðgunarafbrot. Meðalaldur unglinganna þegar þeir fengu ákærufrestunina var 18 ár (sf=1,7), en þeir voru á aldrinum 15 til 23 ára.

Mælitæki

Fimm sálfræðiþróf voru lögð fyrir unglíngana, (1) Persónuleikapróf Eysencks (*The Eysenck Personality Questionnaire*: Eysenck and Eysenck, 1975; Eysenck og Haraldsson, 1983; Haraldsson og Björnsson, 1985), til þess að mæla harðlyndi (P; *Psychoticism*), úthverfu (E; *Extraversion*), taugaóstyrkleika (N; *Neuroticism*) og fegrun (L; *Lie*), (2) Félagsmótunarþróf Gough (*The Gough Socialisation Scale (So)*: Gough, 1960; Megargee, 1972) til þess að mæla að hve miklu leyti unglíngurinn hefur lært gildi samfélagsins, (3) Sefnæmisþróf Gísla H. Guðjónssonar (*The Gudjonsson Suggestibility Scale*: Gísli H. Guðjónsson, 1984, 1997b; Erlendur Haraldsson, 1985; Gísli H. Guðjónsson og Lister, 1984; Gísli H. Guðjónsson og Singh (1984).) til þess að mæla minni unglínganna og sefnæmi þeirra, (4) Undanlátssemipróf Gísla H. Guðjónssonar (*The Gudjonsson Compliance Scale*: Gísli H. Guðjónsson, 1989, 1997b) til þess að mæla tilhneigingu unglínganna til að láta undan þrýstingi, einkum fólks í áhrifastöðum, í þeim tilgangi að þóknast því eða forðast deilur, og (5) Greindarþróf Ravens (*The Raven's Standard Progressive Matrices*: Raven, Court, og Raven, 1992) til þess að meta óyrta greind þátttakenda.

Um nánari lýsingu á þessum þrófum vísast í grein Jóns Friðriks, Gísla og Mariusar.

Framkvæmd

Allir unglíngar á höfuðborgarsvæðinu sem fengið höfðu skilorðsbundna ákærufrestun yfir eins og hálfis árs tímabil voru beðnir um að taka þátt í rannsókninni og 80 prósent samþykktu það. Sálfræðiþrófin voru lögð fyrir þau í einrúmi þegar þau komu til viðtals við skilorðsfulltrúa í Fangelsismálastofnun. Fimm árum síðar var kannað hverjir þeirra hefðu staðist skilorð ákærufrestunarinnar og hverjir höfðu fengið skilorðsbundinn eða óskilorðsbundinn dóm.

Niðurstöður

Af unglíngunum 108 stóðust 74 (69%) skilorð ákærufrestunarinnar, þ.e. þeir höfðu ekki framið brot gegn almennum hegningarlögum á skilorðstímanum, sem var tvö ár hjá 91 (84%) þeirra og eitt ár hjá 17 (16%).

Fimm árum eftir að unglíngarnir fengu skilorðsbundna ákærufrestun höfðu hins vegar 44 (41%) unglínganna, 40 (43%) drengir og fjórar (29%) stúlkur, verið sakfelld fyrir alvarlegt afbrot og fengið skilorðsbundinn eða óskilorðsbundinn dóm. Meiri hluti þessara 44 unglínga hafði fengið skilorðsbundinn dóm, eða 28 (64%), en 16 (36%) höfðu fengið óskilorðsbundinn dóm og afplánað refsivist í fangelsi (14 (15%) drengir og 2 (14%) stúlkur). Ekki kom fram marktækur munur á milli drengja og stúlkna að þessu leyti.

Í töflu 1 má sjá meðalgildi og staðalfrávik hópanna tveggja á sálfræðiþrófunum, þeirra sem héldu sig frá afbrotum og hinna sem héldu áfram að brjóta af sér. Eins og gert hafði verið ráð fyrir reyndust þeir, sem ekki höfðu brotið af sér eftir fimm ár hafa marktækt minni andfélagsleg persónuleikaeinkenni en þeir sem héldu afbrotum áfram, þeir fengu lægri einkunn á harðlyndiskvarðanum á Persónuleikaprófi Eysencks og hærri einkunn á Félagsmótunarþrófi Gough. Að auki reyndist fyrrnefndi hópurinn vera marktækt undanlátssamari samkvæmt Undanlátssemiprófi Gísla H. Guðjónssonar.

Hvað varðar hugrænu þættina þá mældust þeir, sem ekki héldu áfram að brjóta af sér marktækt greindari á prófi Ravens og minnisbetri á Sefnæmisþrófi Gísla H. Guðjónssonar, heldur en þeir sem héldu áfram að brjóta af sér. Námsferill unglínganna studdi þessar

niðurstöður, þar sem 45 (70%) fyrrnefnda hópsins hafði lokið skyldunámi þegar þeir fengu ákærufrestunina en aðeins 18 (43%) þeirra sem héldu áfram að brjóta af sér. Þessi munur er tölfræðilega marktækur ($\chi^2=7,93$, $df = 1$, $p<0,01$).

Tafla 1. Meðaltöl, staðalfrávik og t-próf á sálfræðiprófunum á milli unglínganna sem héldu sig frá afbrotum (N=64) og hinna sem héldu áfram að brjóta af sér (N=44).

Sálfræðipróf	Héldu sig frá afbrotum Meðaltal (sf)	Héldu áfram að brjóta af sér Meðaltal (sf)	T-gildi
Persónuleikapróf Eysencks:			
Harðlyndi	2.9 (2.0)	4.4 (3.0)	-2.98**
Úthverfa	15.0 (3.7)	15.7 (2.7)	-1.08
Tilfinninganæmi	12.1 (4.5)	12.1 (5.0)	0.02
Fegrun	7.7 (3.8)	8.3 (4.3)	-0.81
Undanlátssemipróf Gísla	9.3 (3.2)	8.9 (2.9)	1.91*
Félagsmótunarpróf Gough	30.3 (6.0)	27.3 (6.0)	2.58*
Sefnæmispróf Gísla:			
Upprifjun	20.7 (5.9)	17.9 (7.0)	2.21*
Eftirgjöf	3.1 (1.9)	3.6 (2.6)	-1.05
Breyting	3.3 (2.6)	4.0 (3.0)	-1.27
Sefnæmi	6.5 (3.6)	7.7 (4.3)	-1.55
Greindarpróf Ravens	43.0 (7.9)	38.3 (7.7)	2.99**

* $p<0.05$, ** $p<0.01$ (Einhliða próf).

Til þess að kanna hlutfallslegt mikilvægi þessara ólíku sálfræðipátta var notuð tölfræðileg aðferð sem nefnd er „discriminant analysis“, en hún gerir mögulegt að finna út hvaða þættir það eru sem best greina á milli þessara tveggja hópa afbrotaunglinga. Allir sálfræðipættirnir sem sýndir eru í töflu 1 voru notaðir í greiningunni og fjórir af þeim, greind, minni, harðlyndi og undanlátssemi, reyndust greina best á milli hópanna tveggja (Wilks' $\Lambda=0,78$, $F(4,99)=7,06$, $p<0,01$). Með kí-kvaðratprófun ($\chi^2=25,09$, $df=4$, $p<0,001$) var unnt að flokka réttilega 71,4% af unglíngunum, 82,5% af þeim sem ekki héldu áfram í afbrotum og 54,8% af hinum sem héldu þeim áfram. (Fyrir þá sem hafa áhuga á nánari umfjöllun um niðurstöður þessar er bent á grein Jóns Friðriks, Gísla og Mariusar).

Umræða

Tveir meginkostir þessarar rannsóknar eru að hún lítur til framtíðar varðandi ítrekuð afbrot unglínganna og að eftirfylgnitímabilið er fremur langt, eða fimm ár. Niðurstöðurnar gefa til kynna að bæði persónuleikaeinkenni og hugrænir þættir geti spáð fyrir um hæfni unglínganna til þess að varast afbrot og þær styðja einnig kenningu Terrie E. Moffitt (1993) um tvær gerðir afbrotaunglinga.

Unglíngarnir í rannsókninni höfðu verið prófaðir ítarlega á sálfræðiprófum fimm árum áður, m.a. vegna rannsóknar á sálrænni viðkvæmni við yfirheyrslur hjá lögreglu (sjá Gísla H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson, 1996 og Jón Friðrik Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson, 1996a og 1996b). Fimm árum eftir að unglíngarnir höfðu fengið skilorðsbundna ákærufrestun var kannað í skrárnálgangastofnun hvort þeir höfðu verið dæmdir í skilorðsbundna eða óskilorðsbundna refsingu, þ.e. aðeins var miðað við samskonar afbrot og þeir höfðu framið þegar þeir fengu ákærufrestun, þannig að í báðum tilvikum var um brot gegn almennum hegningarlögum að ræða. Minniháttar afbrot, s.s.

brot gegn umferðarlögum, áfengislögum og gegn lögum um ávana- og fíkniefni voru undanskilin í þessari athugun.

Félagsleg hegðun, hugrænir þættir, menntun og undanlátssemi verja unglunga fyrir því að halda áfram að fremja afbrot. Í bókinni *The Causes and Cures of Criminality* eftir Hans J. Eysenck og Gísla H. Guðjónsson (1989) er fjallað um ýmsar rannsóknir sem gefa til kynna að greind sé neikvætt tengd andfélagslegri hegðun og afbrotahegðun. Í rannsókninni sem hér hefur verið kynnt virðist sem greind og menntun virki sem „verndandi þættir“ sem sporni við áframhaldandi afbrotahegðun unglunga sem framið hafa minniháttar afbrot. Þetta er í samræmi við niðurstöður nýlegrar rannsóknar Kratzer og Hodgins (1999) sem komust að því að afbrotamenn sem byrjað höfðu feril sinn snemma á unglingsárum (*'stable early starters'*) mældust með lakari greind en aðrir afbrotamenn.

Niðurstöðurnar í rannsókn Jóns Friðriks, Gísla og Mariusar, um mismun á persónuleikaeinkennum unglunganna sem hættu að brjóta af sér og þeirra sem héldu því áfram, má að einhverju leyti skýra með mismunandi námsgetu þeirra. Hér er átt við ákveðna tegund náms þar sem vísbendingar um refsingu eða missi ákveðinna réttinda tengjast hegðun einstaklingsins og auka kvíða hjá honum (*'passive avoidance learning'*). Úr kvíðanum dregur hins vegar þegar einstaklingurinn breytir hegðun sinni, eða lagar hana að áður nefndum vísbendingum. Unglingarnir í rannsókninni játuðu að hafa framið afbrotið sem þeir fengu skilorðsbundna ákærufrestun fyrir og þurftu að gangast undir skilyrði saksóknara um að brjóta ekki af sér á skilorðstímanum. Þeim var öllum gert ljóst að ef þeir fremdu nýtt afbrot á skilorðstímanum gæti saksóknari tekið mál þeirra upp að nýju og þeir ættu því á hættu að fá fangelsisdóm, skilorðsbundinn eða óskilorðsbundinn, fyrir þetta mál. Þetta gæti hafa gefið félagsmótaðri unglungunum, sem mældust hærri á P-kvarða Persónuleikaprófs Eysencks og lægri á Félagsmótunarprófi Gough, góða ástæðu til þess að halda sér frá vandræðum, hætta að brjóta af sér og draga þar með úr kvíða og vanlíðan.

Niðurstöðurnar gefa einnig til kynna að undanlátssemi, eins og hún er mæld með undanlátssemiþrófi Gísla H. Guðjónssonar, geti átt þátt í því að unglingar haldi sig frá afbrotum. Hina tvo meginþætti undanlátssemi, löngun til að geðjast og að forðast deilur eða að standa andspænis deiluaðila, má auðveldlega tengja áður nefndu námi. Með því að tengja þessa rannsóknarþætti saman með tölfræðilegri aðferð „discriminant analysis“ kemur í ljós að hugrænn styrkur, undanlátssemi og góð félagsmótun eru mikilvægir eiginleikar sem gera unglungum mögulegt að halda sig frá frekari afbrotahegðun.

Þegar um afbrotaforvarnir er að ræða er mikilvægt að geta fundið þá unglunga sem líklegastir eru til þess að halda áfram að brjóta af sér og veita þeim viðeigandi meðferð og stuðning (Farrington, 1991; Lynam, 1996). Þetta er þeim mun mikilvægara vegna þess að aðeins lítil minnihluti (um sex prósent) afbrotamanna ber ábyrgð á um það bil helmingi allra upplýstra afbrota (Wolfgang, Figlio og Sellin, 1972; Farrington, Ohlin og Wilson, 1986). Það er því mikilvægt að skilja hvað það er sem gerir þessa einstaklinga líklega til þess að leiðast út í afbrot og að finna aðferðir til þess að aðstoða þá á árangursríkan hátt.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að afbrotaunglingar, sem eru í mestri áhættu hvað varðar áframhaldandi afbrot, hafi minni hugræna eiginleika, minni námsgetu, séu illa félagsmótaðir og minna undanlátsamir í hegðun. Þessir unglunga þurfa án efa annarskonar og meiri ígrip en þeir unglunga sem hætta afbrotum. Því er mikilvægt að reyna að koma

auga á þá sem fyrst og bjóða þeim upp á vönduð tækifæri til náms og hugræna atferlis- meðferð, sem gæti komið í veg fyrir áframhaldandi afbrotaferil (Redondo, Sanchez-Meca og Garrido, 1999). Hins vegar getur léleg félagsmótun og lítil undanlátsemi gert aðstoð og meðferð erfiða og sýnt hefur verið fram á að afbrotamenn, sem mælst hafa með háa einkunn á harðlyndiskvarða (P) Eysencks prófsins, eru frekar mótfallnir sálfræðimeðferð (Rachman og Eysenck, 1978; Lane, 1987).

Heimildir

- Almenn hegningarlög (1998). Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Ársskýrsla Fangelsismálastofnunar ríkisins 1997 (1998). Reykjavík: Fangelsismálastofnun ríkisins.
- Blackburn, R. (1993). *The Psychology of Criminal Conduct. Theory, Research and Practice*. Chichester: John Wiley & Sons.
- Eysenck, H. J. (1996). Personality and crime: Where do we stand? *Psychology, Crime & Law*, 2, 143-152.
- Eysenck, H.J. og Eysenck, S.B.G. (1975). *Manual of the Eysenck Personality Questionnaire*. London: Hodder og Stoughton.
- Eysenck, H. og Gísli H. Guðjónsson (1989). *The Causes and Cures of Criminality*. New York og London: Plenum Press.
- Eysenck, S.B.G. og Erlendur Haraldsson (1983). National differences in personality: Iceland and England. *Psychological Reports*, 53, 999-1003.
- Farrington, D. P. (1989). Early predictors of adolescent aggression and adult violence. *Violence and Victims*, 4, 79-100.
- Farrington, D. P. (1991). Antisocial personality from childhood to adulthood. *The Psychologist*, 4, 389-394.
- Farrington, D. P., Ohlin, L., og Wilson, J.Q. (1986). *Understanding and Controlling Crime*. New York: Springer-Verlag.
- Gough, H. G. (1960). Theory and measurement of socialization. *Journal of Consulting Psychology*, 24, 23-30.
- Gísli H. Guðjónsson (1984). Attribution of blame for criminal acts and its relationship with personality. *Personality and Individual Differences*, 5, 5358.
- Gísli H. Guðjónsson (1987). A parallel form of the Gudjonsson Suggestibility Scale. *British Journal of Clinical Psychology*, 26, 215221.
- Gísli H. Guðjónsson (1989). Compliance in an interrogation situation: A new scale. *Personality and Individual Differences*, 10, 535-540.
- Gísli H. Guðjónsson (1992). *The Psychology of Interrogations, Confessions, and Testimony*. Chichester: John Wiley & Sons.
- Gísli H. Guðjónsson (1997a). Crime and personality. In H. Nyborg (Ed.), *The scientific study of human nature. Tribute to Hans J. Eysenck at eighty*. Oxford: Elsevier Science Ltd., pp. 142-164.
- Gísli H. Guðjónsson (1997b). *The Gudjonsson Suggestibility Scales Manual*. Hove: Psychology Press.
- Gísli H. Guðjónsson og Lister, S. (1984). Interrogative suggestibility and its relationship with perceptions of selfconcept and control. *Journal of the Forensic Science Society*, 24, 99110.
- Gísli H. Guðjónsson, Hannes Pétursson, Heiðís Sigurðardóttir og Sigurgísli Skúlason (1991). The personality of Icelandic prisoners: some normative data. *Nordic Psykiatr. Tidsskr.*, 45, 151-157.
- Gísli H. Guðjónsson og Roberts, J. C. (1985). Psychological and Physiological Characteristics of Personality Disordered Patients. In D. P.

Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson (1996). The relationship of confabulation to the memory, intelligence, suggestibility and personality of juvenile offenders. *Applied Cognitive Psychology*, 10, 85-92.

Gísli H. Guðjónsson og Singh, K. K. (1984). Interrogative suggestibility and delinquent boys: An empirical validation study. *Personality and Individual Differences*, 5, 425-430.

Erlendur Haraldsson (1985). Interrogative suggestibility and its relationship with personality, perceptual defensiveness and extraordinary beliefs. *Personality and Individual Differences*, 6, 765-767.

Erlendur Haraldsson og Júlíus K. Björnsson (1985). Íslensk stöðlun persónuleika-prófs Eysencks. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Hare, R.D. og Cox, D.N. (1978). Clinical and empirical conceptions of psychopathy, and the selection of subjects for research. In: Hare, R.D., Schalling, D., eds. *Psychopathic behaviour: approaches to research*. Chichester: John Wiley & Sons (1-21).

Jón Friðrik Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson (1996a). Psychological characteristics of juvenile alcohol and drug users. *Journal of Adolescence*, 19, 41-46.

Jón Friðrik Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson (1996b). Psychological characteristics of 'false confessors'. A study among Icelandic prison inmates and juvenile offenders. *Personality and Individual Differences*, 20, 321-329.

Junger-Tas, T., Terlouw, G.J. og Klein, M. (1994). *Delinquent Behaviour among Young People in the Western World*. Amsterdam: Kugler Press.

Kendel, E., Mednick, S., Kirkegaard-Sorensen., L., Hutchings, B., Rosenberg, R., og Schulsinger, F. (1988). I.Q. as potential factor for subjects at high risk for antisocial behavior. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 56, 224-226.

Kratzer, L. og Hodgins, S. (1999). A typology of offenders: a test of Moffitt's theory among males and females from childhood to age 30. *Criminal Behaviour and Mental Health*, 9, 57-73.

Lane, D. A. (1987). Personality and antisocial behaviour: A long-term study. *Personality and Individual Differences*, 8, 799-806.

Lynam, D. R. (1996). Early identification of chronic offenders: Who is the fledgling psychopath? *Psychological Bulletin*, 120, 209-234.

Lykken, D. (1957). A study of anxiety in the sociopathic personality. *Journal of Abnormal and Social Psychology*, 55, 6-10.

Megargee, E.I. (1972). *The California Psychological Inventory Handbook*. London: Jossey-Boss, Inc.

Milgram, S. (1974). *Obedience to authority*. London: Tavistock Publications.

Moffitt, T.E. (1993). Adolescence-Limited and Life-Course-Persistent Antisocial Behavior: A Developmental Taxonomy. *Psychological review*, 4, 74-701.

Moffitt, T.E. (1994). Natural histories of delinquency. In Weitekamp EGM, Kerner H-J, eds. *Cross-national Longitudinal Research on Human Development and Criminal Behaviour*. The Netherlands: Kluwer Academic Publishers, pp. 3-61.

Rachman, M. A. og Eysenck, S. B. G. (1978). Psychoticism and response to treatment in neurotic patients. *Behaviour Research and Therapy*, 16, 183-189.

Raven, J.C., Court, J.H., og Raven, J. (1992). *Manual for Raven's Progressive Matrices and Vocabulary Scales*. Oxford: Oxford Psychologists Press Ltd.

Redondo, S., Sanchez-Meca, J., og Garrido, V. (1999). The influence of treatment programmes on the recidivism of juvenile and adult offenders: An European meta-analytic review. *Psychology, Crime and Law*, 5, 251-278.

Schalling, D. (1978). Psychopathy-related personality variables and the psychophysiology of socialization. In R. D. Hare og D. Schalling (Eds.), *Psychopathic Behaviour: Approaches to Research*. Chichester: John Wiley & Sons. Pp. 85-106.

Trasler, G. B. (1978). Relations between psychopathy and persistent criminality: Methodological and theoretical issues. In R. D. Hare og D. Schalling (Eds.), *Psychopathic Behavior: Approaches to Research*. New York: John Wiley & Sons, pp. 273-298.

Wolfgang, M.E., Figlio, R.M., og Sellin, T. (1972). *Delinquency in a British Cohort*. Chicago, IL: University of Chicago Press.

554	100,0	483	100,0	441	100,0	627	100,0
-----	-------	-----	-------	-----	-------	-----	-------